
ODDARANNSÓKNIN

FORNLEIFARANNSÓKNIR Í ODDA 2021



KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR (ritstjóri)

Höfundar efnis: Kristborg Þórsdóttir, Kristjana Vilhjálmisdóttir
og Lilja Björk Pálsdóttir, með viðauka eftir Magnús Á. Sigurgeirsson

Reykjavík 2023

FS877-20202

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Á forsiðumyndinni er horft til austurs yfir torfbyggingu framan við manngerðan helli á uppgraftarsvæði 1 við lok uppgrftar 2021. Ljósmyndina tók Kristborg Þórsdóttir.

©Fornleifastofnun Íslands 2023

Bræðraborgarstíg 9


101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Vefsíða: www.fornleif.is

Grunnupplýsingar



Mynd 1. Staðsetning rannsóknarsvæðisins í Odda sýnt á Íslandskorti frá Landmælingum Íslands.

Rannsóknarnúmer

201805-0160

Þjóðminjasafnsnúmer

2021-40

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna

Hús RA-311:008_04 framan við helli, meint seltóft RA-311:029_01 og tóft RA-311:029_04 framan við helli með sama númer. Kristborg Þórsdóttir. 2021. *Fornleifaskráning í Odda. Viðbætur og endurskoðun*. Viðauki I í skýrslu FS830-20201, *Oddarannsóknin - Fornleifarannsóknir í Odda 2020*.

Stutt lýsing rannsóknar (tilgangur)

Rannsókn á minjum í Odda frá tímabilinu 1100-1300 með áherslu á manngerða hella.

Tegund rannsóknar

Vísindarannsókn

Staðsetning (staður, sveitarfélag, sýsla)

Oddi, Rangárþing ytra, Rangárvallasýsla

GPS hnit

ISN93: A 431411 N 364109

Rannsóknartími

19. júlí - 7. ágúst 2021

Leyfishafi

Kristborg Þórsdóttir

Fjöldi starfsmanna

Fimm starfsmenn; þrjár fornleifafræðingar, einn jarðfræðingur (gjóskulagarannsókn), einn stjórnandi gröfu

Efnisyfirlit

Samantekt.....	6
Summary.....	6
1. Inngangur.....	8
2. Uppgröftur.....	10
2.1 Markmið.....	10
2.2 Aðferðafræði.....	11
2.3 Svæði 1 - Torfhlaðið hús framan við helli.....	13
2.4 Svæði 1 - Minjar utan við helli og hús.....	20
2.5 Samantekt og umræða.....	25
2.6 Svæði 4 - Meint seltóft við Kamphól.....	27
2.7 Gripir.....	32
2.8 Frágangur uppgraftarsvæða.....	34
3. Kortlagning ferðaleiða.....	35
4. Minjar á Bergvaði.....	39
5. Samantekt og helstu niðurstöður.....	41
6. Heimildir.....	44
7. Myndaskrá.....	46
Viðauki I - Fornleifaskráning 2021	
Viðauki II - Gjóskulagagreining eftir Magnús Á. Sigurgeirsson	
Viðauki III - Jarðlagaskrá	
Viðauki IV - Gripaskrá	
Viðauki V - Ljósmyndaskrá	

Samantekt

Oddarannsóknin er þverfaglegt rannsóknarverkefni á vegum Oddafélagsins sem styrkt er af sjóðnum Ritmenning íslenskra miðalda (RÍM). Oddarannsóknin hefur að markmiði að varpa sem skýrustu ljósi á ritmenningu í Odda á miðöldum með áherslu á tímabilið 1100-1300. Rannsóknin skiptist í þrjá verkþætti: Fornleifarannsókn, rannsókn á umhverfi og mannvist og rannsókn á miðstöðinni Odda.

Á öðru rannsóknarári fornleifahluta Oddarannsóknarinnar 2021 var mest áhersla lögð á að halda áfram með uppgröft á húsi framan við manngerðan helli frá miðri 10. öld sem kom í ljós við forrannsókn 2018 og er í Hellirsdölum í túninu í Odda. Eru minjarnar enn eldri en áður var talið en yfir þeim liggur gjóska úr Heklugosi frá 1158 og voru þær líklega komnar úr notkun um aldamótin 1100. Einnig var grafinn könnunarskurður í meinta seltóft út við Kamphól þar sem Þverá og Ytri-Rangá sameinast. Út frá gjóskulögum var hægt að sjá að húsið var í notkun á tímabilinu 950-1050 en klébergsgripir sem fundust í skurðinum benda einnig til hás aldurs.

Auk uppgrafar var haldið áfram með kortlagningu samgönguleiða í kringum Odda. Við vettvangsskráningu á leiðum fannst óvænt bæjarstæði sem virðist vera frá víkingaöld og var innan heimalands Odda þegar það var í byggð.

Efnisorð: Oddarannsóknin, Ritmenning íslenskra miðalda, Oddi á Rangárvöllum, manngerðir hellar, höfðingjasetur, samgöngukerfi, uppgröftur, seljabúskapur

Summary

In the spring of 2020 the Oddi project (Oddarannsóknin) received a grant from the Literary Culture in Medieval Iceland Fund (LCMI) (Ritmenning íslenskra miðalda). The aim of the project is to shed light on the literary culture in Oddi, a regional power center during medieval times, focusing on the period 1100-1300. This multi-disciplinary project consists of three major components of research; archaeological research dealing with the economic infrastructure of Oddi, environmental studies and studies in literature and history focusing on Oddi as a central place.

In this interim report a brief introduction will be given to the findings of the archaeological research carried out in Oddi in the year 2021. The focus was mainly on the excavation of a building in front of an artificial cave in Oddi, discovered in 2018. These monuments are older than previously thought and seem to have been out of use already around the year 1100 AD. In addition, a test trench was dug into a presumed ruin of a shieling belonging to the farm of Oddi. Based on typology and tephrocronology the ruin was dated to 950-1050 AD.

The mapping of routes and the system of communication in the vicinity of Oddi was continued. During field work a previously unknown Viking Age farm was discovered within the

original homeland of Oddi.

Keywords: The Oddi project, Literary Culture in Medieval Iceland, Oddi, South Iceland, artificial caves, high status farm, system of communication, excavation, shieling farming

1. Inngangur

Fornleifarannsókn hófst í Odda af miklum krafti árið 2020 og var fram haldið sumarið 2021. Er hún hluti af Oddarannsókninni, þverfaglegri rannsókn á staðnum Odda sem miðstöð valda, kirkju og lærdóms á tímabilinu 1100-1300. Oddafélagið stendur fyrir verkefninu en Kristborg Þórsdóttir stjórnar fornleifarannsóknum, Egill Erlendsson stjórnar rannsóknum á umhverfi og mannvist og Sverrir Jakobsson og Ármann Jakobsson stjórna rannsóknum á Odda sem miðstöð. Helgi Þorláksson er tengiliður verkþátta.

Oddarannsóknin er lögð upp til þriggja ára og er fjölbreyttum aðferðum beitt við fornleifarannsóknir á staðnum sem hafa að yfirmarkmiði að fá heildstæða mynd af útbreiðslu mannvistar á staðnum og varpa ljósi á efnahagslegar undirstöður miðstöðvarinnar í Odda. Rannsóknin er styrkt af sjóðnum Ritmenning íslenskra miðalda (RÍM) en hann var settur á laggirnar árið 2019 í tilefni af því að þá voru 75 ár liðin frá stofnun Lýðveldis á Íslandi. Mun hann starfa í fimm ár og styrkja verkefni um þverfaglegar rannsóknir á ritmenningu íslenskra miðalda.



Mynd 2. Kort sem sýnir rannsóknarsvæðið í Odda 2021. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Í þessari skýrslu verður fjallað um niðurstöður fornleifarannsókna í Odda sumarið 2021. Vettvangsrannsóknir fóru einkum fram 19. júlí - 7. ágúst (uppgröftur) og 23. - 27. ágúst (kortlagning samgönguleiða). Við þær unnu fornleifafræðingarnir Kristborg Þórsdóttir

(stjórnandi), Lilja Björk Pálsdóttir og Magnea Dís Birgisdóttir. Magnús Á. Sigurgeirsson sá um gjóskulagagreiningu líkt og árið 2020 og Magnús Kristjánsson hjá Helluverki stjórnaði vélgröfu í fornleifauppgreftinum.

Haldið var áfram við að grafa upp stórt hús framan við helli í Hellirsdölum, syðst í túni Odda. Er myndin af því farin að skýrast mikið en ekki náðist að ljúka rannsókn á húsinu og mun hún því halda áfram sumarið 2022. Einnig var grafinn könnunarskurður í meinta seltóft við Kamphól sem er við suðvestur útmörk Oddajarðarinnar eins og hún er skilgreind nú. Auk uppgrafter var haldið áfram þar sem frá var horfið við að kortleggja gamlar leiðir í nágrenni Odda og varpa með því ljósi á samgöngukerfi svæðisins til forna.

Eitt af því sem áætlanir fyrir rannsóknarsumarið 2021 gerðu ráð fyrir var að halda áfram að prófa mismunandi aðferðir við fjarkönnun (viðnáms- jarðsjár- og segulmælingar) og gera skipulega kjarnaborun á stórum hluta túnsins í Odda. Ekkert varð af þeim fyrirætlunum þar sem erlendir sérfræðingar sem ætluðu að vinna að þessum rannsóknum komust ekki til landsins vegna heimsfaraldurs Covid-19, annað árið í röð. Frestast því þessi verkþáttur til næsta rannsóknarárs.

Markvisst hefur verið unnið að kynningu á Oddarannsókninni á rannsóknartímanum. Voru haldin tvö málþing, annað að vori 2021 og hitt að hausti sama ár. Oddastefna var haldin þann 22. maí í gegnum Zoom-fjarfundabúnað og Haustráðstefna Oddafélagsins fór fram þann 15. október í Gunnarsholti með áhorfendum í sal.

Sem fyrr hefur nokkur áhersla verið lögð á að vekja athygli á rannsókninni á samfélagsmiðlum og er hún með Instagram-síðu (oddarannsokn) og Facebook-síðu (Oddarannsóknin). Þar hafa verið sagðar fréttir af framgangi rannsóknarinnar og myndir birtar af vettvangi. Einnig hefur verið fjallað um rannsóknina í prentmiðlum og var grein birt um fornleifarannsóknir í Odda og Oddarannsóknina í Morgunblaðinu 21. apríl 2021. Þá var ítarleg umfjöllun um staðinn og rannsóknina í þættinum Um land allt á Stöð 2 snemma vetrar 2021. Í þættinum var m.a. sýnt frá fornleifauppgreftinum.

Uppsetning skýrslunnar er með þeim hætti að í köflum 2-3 er fjallað um hvorn rannsóknarþátt; uppgröft og kortlagningu samgöngukerfis. Í kafla 4 er stutt umfjöllun um miðaldaminjar sem Fornleifastofnun Íslands skráði sumarið 2021 í landi eyðijarðarinnar Bergvaðs við hefðbundna aðalskráningu í sveitarfélaginu Rangárþingi eystra og talið er líklegt að tengist höfðingjasetrinu í Odda. Að lokum verða helstu niðurstöður rannsóknarársins 2021 dregnar saman í 5. kafla. Í viðaukum aftast í skýrslunni má finna skýrslu um skráningu ferðaleiða og annarra minja sem fundust við þá vinnu, greinargerð gjóskulagafræðings auk jarðlagaskrár, gripaskrár og ljósmyndaskrár úr uppgrafterhlutanum.

2. Uppgröftur

Sumarið 2021 var unnið að uppgrefti á tveimur stöðum í landi Odda. Annars vegar í Hellirsdölum syðst í heimatúninu við býlið Langekru og hins vegar við Kamphól út við suðvesturmörk jarðarinnar. Á fyrrnefnda staðnum fór fram forrannsókn sumarið 2018 þar sem staðfest var að djúpar og langar lægðir í Hellirsdölum eru fallnir manngerðir hellar og að auki fannst uppistandandi hellir og torfhlaðið mannvirki framan við hann.¹ Rannsókn á þessum minjum hófst árið 2020. Á síðarnefnda staðnum er m.a. meint seltóft sem uppgötvaðist við fornleifaskráningu árið 2020.

2.1 Markmið

Markmið uppgrafterhluta fornleifarannsóknna í Odda 2021 voru tvíþætt; annarsvegar að rannsaka að fullu torfhlaðið hús framan við manngerða hellinn sem kom í ljós árið 2018 (svæði 1) og var grafið fram á upphafsári Oddarannsóknarinnar 2020. Hins vegar var markmiðið að grafa könnunarskurð í meinta seltóft við Kamphól (svæði 4). Var tilgangurinn með þeim skurði að kanna eðli og aldur tóftarinnar sem er allstór og mjög fornleg. Einnig var þess freistað að aldursgreina tóft framan við lokaðan manngerðan helli í Kamphóli með kjarnabor.



Mynd 3. Kort sem sýnir staðsetningu rannsóknarsvæða 1 og 4. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

¹ Kristborg Þórsdóttir og Lilja Björk Pálsdóttir 2018.

2.2 Aðferðafræði

Á svæði 1 þar sem rannsókn fer fram á helli og byggingu framan við hann eru krefjandi aðstæður vegna þess hversu niðurgrafnar minjarnar eru. Þar sem lengst er af yfirborði niður að hellismunnum austast á uppgraftarsvæðinu eru um 4 m. Uppgraftarsvæðið nær því talsvert út fyrir minjarnar sem verið er að rannsaka til þess að tryggja öryggi þeirra sem að rannsókninni koma. Við lok uppgrafter 2020 var heildarstærð svæðis 1 um 20x13 m og var svæðið utan minjanna sem verið er að rannsaka grafið í stöllum út og upp frá minjunum til þess að lágmarka hættu á hruni. Þegar uppgröftur hófst sumarið 2021 hafði gríðarlegt magn af jarðvegi hrunið úr skurðbökkum svæðisins yfir vetrartímann og einnig hafði mikið hrunið úr veggjum hússins framan við hellinn. Mikill tími fór því í að hreinsa svæðið áður en eiginlegur uppgröftur gat hafist. Nokkrir sjálfbóðaliðar aðstoðuðu við hreinsunina sem flýtti mjög fyrir og eiga þeir þakkir skildar fyrir skjót viðbrögð og vasklega framgöngu. Það reyndist nauðsynlegt að afhjúpa



Mynd 4. Lilja Björk Pálsdóttir á svæði 1 við upphaf rannsókna 2021. Mikill hreyfing er á sendnum jarðveginum og stallar sem höfðu verið grafnir út frá mannvirkjunum sem eru til rannsóknar höfðu nánast horfið. Einnig hafði mikið hrunið úr torfveggjum hússins framan við hellinn.

betur svæðið utan við norðvesturhorn hússins framan við hellinn og lækka stalla á svæði 1 enn frekar til þess að minnka hrunhættu en heildarstærð rannsóknarsvæðisins jókst ekki að ráði. Vélgrafa var fengin til þess að gera þessar breytingar á uppgraftarsvæðinu en að öðru leyti voru minjarnar handgrafnar.

Á svæði 4 var könnunarskurður handgrafinn í meinta seltóft við Kamphól. Áður en uppgröftur hófst voru teknir borkjarnar í tóftina til að kanna þykkt jarðlaga niður á minjarnar. Grafið var niður að mannvistarlögum (gólfi og veggjum) og aðeins grafin lítil könnunarhola í gegnum gólfög til að spilla ekki samhengi síðari tíma rannsókna ef til þeirra skyldi koma.

Uppgröftur og skráning mannvistarlaga fylgir svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording) sem lýst er í uppgrafterhandbók Fornleifastofnunar Íslands.² Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Meðan á uppgrefti stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið, þeim sem grefur, kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins og t.d þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgrafter í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við. Notast er við Harris Matrix Composer sem er forrit sérhannað til að halda utan um og vinna með slík gögn.



Mynd 5. Afstöðumynd sem sýnir uppgraftarsvæði 1 í Hellisdölum. Í forgrunni eru tveir gríðarstórir fallnir hellar. Uppistandandi hellir og hús framan við hann tengdust hellinum sem er lengra til vinstri á myndinni.

² Lucas, Gavin (ritstj.) 2003, 11-13.

2.3 Svæði 1 - Torfhlaðið hús framan við helli

Á svæði 1 var markmiðið að rannsaka að fullu torfhlaðið hús framan við manngerðan helli sem enn stendur. Líkt og fram kom í kaflanum hér á undan hafði mikið af jarðvegi hrunið úr skurðbökkum og úr veggjum hússins þrátt fyrir vandaðan frágang við lok rannsóknar árið áður. Eftir að búið var að fjarlægja hrun eftir veturinn var komið að því að grafa torfhrun og sandfokslög innst í húsinu. Þessi lög höfðu áður verið grafin upp árið 2020 í vesturhluta hússins en það hrun sem var í austurhlutanum var skilið eftir til stuðnings við háar torfhleðslur við hellismunnann þar sem ekki var vitað hvort þær myndu ná að standa milli uppgraftartímabila ef grafið yrði frá þeim að fullu.

Á mynd 6 er kort sem sýnir helstu hrunlög sem voru rannsökuð árið 2021. Auk þeirra laga sem þar sjást voru hrunlög [189], [398], [461] og [691] í mjóum gangvegi [2100] sem tengir vesturhluta hússins við hellinn. Þessi stutti gangur er afmarkaður af langvegg hússins




Mynd 6. Kort sem sýnir helstu áfoks- og hrunlög á svæði 1.

að norðan og torfbálki [2102] að sunnan. Hrunlög sem nú var haldið áfram að fjarlægja lágu mjög greinilega innan gangsins og voru mörk þeirra mjög skýr að sunnan- og norðanverðu. Öll voru þau áberandi mjúk og fremur laus í sér. Einnig var einkennandi hversu sendin þau voru; sandlinsur og þunn sandlög lágu á milli þeirra og voru einnig í torfinu sjálfu. Eftir því sem austar dró (og þar með nær hellinum) varð greinileg breyting á rakastigi í jarðlögum og



Mynd 7. Uppgriftarsvæðið eftir að búið var að fjarlægja hrun eftir veturinn og komið þar sem frá var horfið við uppgriftarlok 2020. Ramminn sýnir torfhrun [125]. Horft til austurs.



Mynd 8. Sniðbálgur sem sýnir hrunlög [1323] og [1058] og afgerandi sandáfokslög [2087] og [2088] í gangi [2100].

varð jafnframt vart við meiri súrefnisþurrð í þeim sem birtist sem dökkgrár litur á annars litríku torfi. Skýringin á þessari breytingu á raka er að líkindum sú að undir innsta hluta torfhússins framan við hellinn er stutt í berggrunn, sandsteininn sem hellirinn er grafinn í, sem stuðlar að því að raki helst frekar í jarðlögunum. Á þessu svæði, í ganginum framan við hellismunnann, var varðveisla lífrænna leifa mjög góð og mun betri en vestar í húsinu. Í neðsta áfoks- og hrunlaginu [1058] sem innsiglaði sandlag [2088] voru plöntuleifar mjög heilar og greinilegar. Mosi, lyng og hrís virðast hafa verið aðaluppistaðan í því lagi en það á eftir að greina leifarnar



Mynd 9. Vel varðveittur viður í lagi [1323] undir járnþönnu í gangi [2100] þar sem varðveisla lífrænna leifa var með besta móti.

nánar. Mikið af viðarleifum var einnig að finna í þessu lagi sem var allt að 10 sentímetra þykkt. Þetta þykka lag var lagskipt, efsti hluti lagsins var dökkbrúnn, þá kom ljósleitt, grágrænt lag með heyleifum og neðst var alldökkt lífrænt lag sem dökknaði þegar búið var að afhjúpa það og súrefni komst að því. Mjög líklega er þarna um að ræða þekjuna í húsinu sem hefur haft torfþökur yst og annarskonar plöntur sem voru lagðar milli torfsins og sperra, en timburleifar úr þaksperrum var að sjá innan um hrúnið. Torfbálkur [2102] hefur verið hlaðinn ofan á þetta áfoks- og hrunlag í suðausturhluta hússins en undir bálkinn fer einnig sandlag [2088] sem hefur myndast yfir gólfi [1786]. Það virðist því sem að byggingin hafi farið úr notkun um tíma og þakið hrúnið en svo hafi það verið tekið í notkun á nýjan leik og þá hefur bálkur [2102] verið hlaðinn (sjá nánar umfjöllun um hann hér á eftir). Sem fyrr segir var mikið af vel varðveittum viðar- og timburleifum í hrunlögum fyrir framan hellismunnann. Var mest um minni brot en skuggar lengri spýtna sáust við vesturenda gangs [2100].



Mynd 10. Gólfög í húsinu, stoðarholur- og steinar.


Afar fá gólfög voru grafin upp árið 2021. Við lok uppgrafar árið 2020 var komið niður á fremur sendið, grænleitt og einsleitt en þétt yfirborð [1058/1468] sem var þá túlkað sem gólfslag. Fátt annað en þéttni lagsins benti til að um eiginlegt gólfslag væri að ræða því fá eða engin viðarkol voru í því eða aðrar lífrænar leifar sem alla jafna er að finna í gólfum. Var því túlkun lagsins breytt og það nú skráð sem hrun- og áfokslag, enda mjög sendið. Yfirborðslag [479] var ekki ósvipað [1058/1468] nema að því leyti að í því var að finna einstaka viðarkolamola. Ekki er ólíklegt að þar sé um að ræða síðasta traðklagið sem hefur myndast á þeim stutta tíma sem leið frá því endurbætur áttu sér stað (m.a. með torfbálki [2102]) og þar til húsið var endanlega



Mynd 11. Sandsteinshleðsla [2107] í hellismunna. Mælistikan er 1 m, horft til austurs.

yfirgefið. Yfirborðslög [1360] og [868] sem falla undir notkunarskeið hússins voru fremur ógreinileg, sendin og blönduð. Heyleifar voru einkennandi fyrir þessi lög sem voru þykkust upp við vegg, sérstaklega norðurlangvegg.

Við uppgrafarlok var loksins komið niður á kolaborið gólf [1786] fyrir framan hellismunnann. Ekki reyndist tími til að fullgrafa það en áður en uppgreftri lauk kom málmgripur [2021-40-20] í ljós í gólfinu og var hann því tekinn upp. Reyndist þetta vera lykill sem gæti bent til þess að það hafi verið lás á dyrum sem skildi á milli hellis og torfhlaðins húss. Ekki er þó hægt að fullyrða um það og kann lykillinn að hafa týnst langt frá lásnum sem hann gekk að. Nánar er fjallað um lykilinn og aðra gripi í kafla 2.7. Lágar sandsteinshleðslur [2107] eru syðst og nyrst í hellismunnanum og á milli þeirra er röð fremur smárra steina sem minna á þröskuld. Má ætla að þarna hafi verið einhvers konar dyaumbúnaður (sjá mynd 11). Þessar hleðslur voru



Mynd 12. Gólfslag [1360] fyrir uppgröft. Þykkast upp við vegg og í kringum stoðarsteininn. Horft til austurs.

afhjúpaðar árið 2021 en verða rannsakaðar nánar á vettvangi árið 2022.


Það vekur furðu hversu lítið hefur verið um gólfög í vestari hluta torfhússins og engin gólf virðast hafa myndast í inngangi á vesturgaffli. Engin taðlög eða kolaborin lög hafa komið í ljós en lögin í vesturhluta hússins hafa nánast öll verið greinilegt torfhrun sem hefur verið að falla á mismunandi vegu og á mismunandi tíma með áfokssandi á milli hrunatvika. Smærri lög, nánast blettir, komu í ljós undan hruninu og báru þau öll einkenni uppmoksturs – í þeim er flekkótt blanda af móösku, torfsneplum og einstaka viðarkolamola.



Mynd 13. Stoðarhola [1805] er ein af stærri og dýpri stoðarholunum enn sem komið er. Hún er grafin í gegnum forsöguleg áfokslög en allra neðst í henni hefur ferköntuð hola verið klöppuð í sandsteinsbergið.

Án efa eiga fleiri stoðar- og pinnaholur eftir að koma í ljós eftir því sem uppgreftri vindur fram í þeim gólfögum sem enn eru ógráfin. Augljósar eyður eru í dreifingu stoðarhola og -steina sem þegar eru fundin og er áberandi hversu fáar stoðberandi holur eru sunnanmegin í húsinu. Þetta kann að skýrast af því að enn á eftir að grafa burt torfbálk [2102] sem er í austanverðu


húsinu og afmarkar gang [2100] að sunnanverðu. Einnig er athyglisvert að við vesturenda hússins eru engar stoðarholur eða -steinar, hvorki í innanverðum hornum né fyrir utan inngang sem þó er alvanalegt. Jarðvegurinn á þessu svæði er mjög sendinn og torfveggirnir sem hlaðnir eru upp að niðurgreftri hafa lítið hald af þeim sökum. Því mætti ætla að þörfin fyrir góðar gólfstandandi stoðir væri mikil þar sem verri kostur væri að láta þakgrindina hvíla á veggjunum sjálfum. Stoðarfæðin innan og utan við inngang á vesturgafli vekur einnig upp spurningar um hvort þar hafi yfir höfuð verið inngangur. Augljóst op var á gaflinum þegar áfokslög voru fjarlægð árið 2020 en það er hugsanlegt að þar hafi ekki verið eiginlegar dyr sem gengið var um að jafnaði. Mögulega hefur opið verið gert á gaflinn þegar stærri hellirinn hrundi því þá hefur engin önnur leið verið fær inn í þetta hús eða hellinn sem enn stendur.




Mynd 14. Ummerki um innréttingu upp við norðurvegg.

Grunnar holur eða dældir þar sem stoðir hafa þrýst á yfirborð eru nokkrar. Upp við norðurvegg komu fjórar slíkar í ljós sem mynda röð. Dældirnar eru líklega eftir einhverskonar innréttingu en athyglisvert er að þó þær séu ekki af nákvæmlega sömu stærð eða lögun er botn þeirra allra láréttur, þ.e. hann fylgir ekki afgerandi halla gólfsins til austurs, í átt að hellismunna.


Nokkrar stoðarholur sýna merki þess að stoðir hafi verið endurnýjaðar eða lagfærðar og mátti sjá ummerki um slíkt við holur [1450] og [1824]. Þær eru hlið við hlið við miðjan suðurvegg



Mynd 15. Þversnið af stoðarholum [1824] og [1450].



Mynd 16. Stoðarholur [1824] og [1450]. Svört forsöguleg gjóska sést fyrir framan holurnar. Horft til vesturs.



Mynd 17. Teikningar af öðrum stoðarholum sem hafa verið rannsakaðar í húsi framan við helli. Stoðarholurnar í húsinu virðast eiga fátt annað sameiginlegt en að tilheyra sömu byggingunni. Þær eru af ólíkum stærðum, dýpt og ummáli og engin sérstök regla er sýnileg.

í fremri hluta hússins. Holurnar eru báðar skornar í gegnum forsögulega svarta gjósku og áfokslög. Vestan megin við holurnar er þykkt brúngrátt, flekkótt lag [2104]. Hóla [1450] er skorin í gegnum lagið en stoðarhóla [1824] virðist liggja upp að því sem bendir til að hún sé eldri en [1450]. Vestan við stoðarholu [1824] liggur brúnleitt forsögulegt áfokslag skáhallt upp að flekkóttu laginu en flekkóttu lagið nær nánast niður á

botn á hól [1450].

Torfbáلكur [2102] er suðaustast í húsi framan við helli og afmarkar gang [2100] að sunnanverðu, eins og fram hefur komið. Ekki er enn orðið fullljóst í hvaða tilgangi hann hefur verið hlaðinn. Báلكurinn er stór og þéttur, með afar sendnu torfi og fremur klunnalegur við hlið fingurðra



Mynd 18. Torfbáلكur [2102] er við austurenda suðurveggjar, framan við hellismunna. Horft til austurs.




Mynd 19. Horft til suðvesturs yfir torfbáلكur [2102]. Athygli er vakin á grágrýtissteini sem stendur út úr hleðslunni og sandsteinshleðslu neðst í henni, næst hellismunnanum.

klömbruhleðslanna sem annars einkenna torfhleðslurnar í húsinu. Torfhrun og áfok hefur mjög greinilega safnast upp að þessum torfbáلكi og því varð fljótt ljóst að ekki var um að ræða heilan vegg sem hefur fallið og haldið lögum hleðslanna þrátt fyrir fallið. Þegar búið var að grafa burt

torfhrunslög í gangi [2100] kom í ljós að bálkurinn er hlaðinn upp við suðurlangvegg hússins og ofan á áfoks- og hrunlag [1058] úr þaki og sandlag [2088]. Það virðist því sem að þessi bálkur hafi verið hlaðinn til að auka burðarþol þaksins með því að mjókka húsið framan við hellinn en einnig kann hann að hafa átt að styðja við austari hluta suðurveggjar sem virðist hafa verið farinn að síga talsvert. Bálkurinn hefur ekki nýst í langan tíma því gólfög hafa ekki náð að myndast í gangi [2100] eftir að hann var hlaðinn.

2.4 Svæði 1 - Minjar utan við helli og torfhús

Ýmsar brotakenndar minjar hafa komið í ljós á uppgraftarsvæði 1 sem eru utan við hellinn og húsið framan við hann. Þar er um að ræða torfhleðslur og niðurgrafna rennu og verður fjallað nánar um þessi mannvirki hér fyrir neðan.



Mynd 19. Þverskurðarteikning af torfhleðslu [118].

Vegna þessa gjóskupars var litur hleðslunnar grænljósgrár og vel greinanlegur frá annars rauðleitum áfoksjarðvegi umhverfis hana. Víða hafði verið grafið í gegnum þessi gjóskulög þar sem þau liggja in situ og niður fyrir þau í ýmis forsöguleg áfoks- og gjóskulög og hleðslan gerð þar í. Hleðslan liggur nokkurn veginn í vestur-austur og nær hún út fyrir uppgröftarmörk til austurs. Brotalínan á ljósmynd 20 sýnir líklegt framhald til vesturs en hleðslan var fremur óljós á þessu svæði.

Engin önnur mannvistarlög virtust vera í sambandi við þessa hleðslu og ekki var hægt að skera úr um hvort þarna væri um að ræða vegg í byggingu, garðlag eða gerði. Því

Torfhleðsla [118] sást í suðursniði uppgröftarmarkna strax árið 2018 en það var ekki fyrr en uppgröftarsvæðið var stækkað til suðurs árið 2020 að hún kom betur í ljós. Vélgrafið hafði verið í gegnum norðurhluta hleðslunnar við upphaf rannsóknar 2018 svo að um helmingur hennar á breiddina var horfinn. Þar sem hún sást enn var hún 9 m löng, 0,7 m breið og 0,4 m há. Notaður hefur verið torfstrengur auk klömbu í hleðsluna eins og sjá má á mynd 19. Auk þess hefur verið fyllt upp í hleðsluna með uppmökstri [120] og [121] sem í voru torfleifar og móöskublettir. Hlaðið hefur verið beint ofan á gjósku úr Kötlu frá 920 en sú gjóska auk Landnámslagsins einkenndu hleðsluna öðru fremur.





Mynd 20. Loftmynd sem sýnir afstöðu milli hellismunna og framhúss, niðurgroftu [224] og torfhleðslu [118]. Austur snýr upp.

voru gerðar þrjár smáar prufuholur sunnan við torfhleðsluna og við syðri uppgraftarmörk í því skyni að kanna hvort þar væri að finna skýringar. Staðsetningar holanna sjást á mynd 20. Í ljós kom að torfhleðslan er ekki hluti af byggingu þar sem engin mannvistarlög sáust sem benda til athafna sem tengjast slíkum mannvirkjum. Þvert á móti virðist sem lítill umgangur hafi verið þarna sunnan megin við hleðsluna því einungis var þar að finna áfokslög með slitrum af gjóskum og einstaka örsmáum torfblettum.


Óljóst er í hvaða tilgangi þessi hleðsla var gerð en ýmsar skýringar eru mögulegar. Líklegt er að hleðslan hafi verið gerð þegar undirbúningur fyrir hellagerðina og húsbygginguna hófst. Þá

hefur þurft að byrja á því að rista torf áður en hafist var handa. Til greina kemur að torfinu hafi



Mynd 21. Á myndum sem teknar voru þegar forrannsókn fór fram árið 2018 má sjá fyrstu ummerki um rennu [224] og torfhleðslu [118]. Á vinstri ljósmynd er horft til austurs en til suðurs á hægri ljósmynd. Mælistikan sem er lárétt tákna einn metra.

verið hlaðið upp á þessum stað til þess að mynda lága garðhleðslu sem gæti komið í veg fyrir að búfénaður myndi ráfa upp á þak hússins sem byggt var framan við hellinn. Þá kemur einnig til greina að hleðslan hafi verið gerð með það í huga að halda utan um útmoksturinn sem féll til þegar hellirinn var gerður. Sandsteinninn molnar hratt og verður að sandi og hefur hleðslan getað stuðlað að því að halda sandinum í skefjum auk þess sem líklegt er að það hafi verið tyrft yfir sandinn til þess að hann fyki ekki um túnið. Þá er ekki hægt að útiloka að þessi torfhleðsla hafi verið gerð til þess að veita vatni frá húsinu.




Mynd 22. Loftmynd sem sýnir botn rennu [224] eftir að neðsta fyllingin [187] hafði verið grafin burt. Pálförin í botni eru greinileg.

Við forrannsókn sem fram fór árið 2018 og leiddi til þess að hellirinn og húsið framan hann uppgövaðist kom í ljós gryfja í austursniði uppgraftarsvæðisins, fast norðan við torfhleðslu [118]. Hún hafði verið grafin niður fyrir landámslagið og í gegnum forsögulegar gjóskur og áfokslög. Þegar uppgraftarsvæðið var stækkað til austurs 2021 kom meira í ljós af þessum niðurgreftri sem reyndist vera **renna** [224] en ekki gryfja og virðist hún hafa legið nokkurn veginn samsíða torfhleðslu [118]. Við stækkunina var tekið ofan af rennunni að hluta en neðsti hluti hennar sást þá í plani. Var hann 1,2 langur, 0,4 m breiður og 0,14 m djúpur. Rennan liggur suðvestur-norðaustur og var suðausturbrún hennar nánast lóðrétt, norðvesturbrúin var meira aflíðandi en varð lóðrétt næst sniðinu til austurs. Botninn var nokkuð ávalur en í honum voru augljós pálför frá því rennan var grafin. Botninn var því óreglulegur en ekki sléttur eins og sjá má á þverskurðarteikningu af pálförunum á mynd 22.

Rennan hafði fyllst af jarðvegi og mátti greina allt að fimm mismunandi fyllingar

í sniði við austurmörk uppgraftarsvæðisins. Flestar virðast þær til komnar vegna áfoks úr umhverfinu þar sem gjóskuslitur og sandlinsur voru áberandi. Í fyllingu [2057] sést hvernig gjóska úr K-920 liggur aðeins yfir suðausturbrún rennunnar og sígur þaðan niður í hana. Líklegt er að rennan hafi verið grafin áður en K-920 fellur þar sem hún sést ekki yfir LNL í sniði á þessum stað nema í þessari fyllingu og svo sem slitur í yngri lögum.



Mynd 23. Renna [224], fyllingar og önnur jarðlög sem sjást í austursniði uppgrastarmarka.

Með suðausturbrún rennunnar sáust tvær pinnaholur sem fylgja stefnu hennar, hola [215] og hola [2061] sem sést á austur-sniðteikningu á mynd 23.

Líkt og með torfhleðslu [118] er ekki ljóst í hvaða tilgangi rennan var grafin en það eru vísbendingar um að hún sé litlu eldri en torfhleðslan. Pinnaholurnar gætu verið eftir léttu girðingu sem hefur verið reist með suðaustari brún rennunnar en verið óþörf þegar torfhleðsla [218] var gerð rétt hjá. Mögulega hefur girðingin verið til bráðabirgða eða hún ekki gegnt hlutverki sínu nægjanlega vel svo ráðist var í gerð traustara mannvirkis úr torfi. Ekkert er hægt að fullyrða um það á þessu stigi en mjög líklega eru þessi mannvirki öll tengd á einhvern hátt, þ.e. renna [224], pinnaholur [215], [2061] og torfveggur [118].

Tvær áhugaverðar torfhleðslur hafa komið í ljós utan við húsið framan við hellinn. Norðvestan við norðurvegg hússins er **torfhleðsla [834]** sem liggur í sveig frá vestri til NNA og fer út fyrir mörk uppgrastarsvæðisins til þeirrar áttar. Gerður var könnunarskurður [864] norðvestan við hleðsluna og í honum sáust torfskellur, dökkbrún fokmold og sandur og í botni skurðarins var að finna örlitlar kolaleifar og brennd bein. Önnur áþekkt **torfhleðsla [2108]** liggur til suðurs frá vesturenda suðurlangveggjar í húsinu framan við helli. Gerður var könnunarskurður [588] meðfram austanverðri hleðslunni. Í skurðinum var mikið af sandi sem torfið virðist liggja upp að og undir sandinum voru forsöguleg áfoks- og gjóskulög. Það virðist ljóst að þessar torfhleðslur hafi ekki tengst byggingum eða öðrum stærri mannvirkjum. Ein möguleg tilgáta varðandi hlutverk þeirra er að þær hafi myndast við það að torfi hafi verið hlaðið að og yfir molnaðan sandsteininn sem til féll þegar hellirinn var grafinn út en það er mikilvægt fyrir skilning á hellagerð á Íslandi að fá upplýsingar um það hvað gert var við útmoksturinn þegar hellir var

grafinn í móberg eða sandstein. Þar sem hellar voru grafnir í sandstein hefur verið brýnna en ella að ganga þannig frá útmokstrinum að hann færi ekki að fjúka til sem sandur þegar steinninn molnaði niður.


Við rannsókn á svæði 1 árið 2020 fannst **ruslslag [2109]** í sendnum jarðvegi rétt ofan og sunnan við suðurvegg torfhlaðna hússins framan við helli sem ekki náðist að rannsaka það sumar. Samskonar **ruslslag [2010]**, en mun minna, fannst einnig sama ár norðan við húsið. Árið 2021 var gerður lítill könnunarskurður [594] á svæðinu þar sem hafði sést til ruslslags [2109] til þess að reyna að

staðsetja það og skrá. Engar leifar lagsins fundust í skurðinum og hefur það líklega horfið vegna rasks og hreyfingar á jarðlögum á milli uppgraftartímabila. Í laginu var viðar- og móaska auk

brenndra beina og lá mikill sandbunki ofan á því.



Mynd 24. Loftmynd sem sýnir torfhleðslur [834] og [2108] sitt hvoru megin við hús framan við helli. ANA snýr upp.



Mynd 25. Uppfært kort af uppgraftarsvæðinu frá 2020 sem sýnir staðsetningu ruslalaga [2109] og [2110] auk torfhleðslu [118] og rennu [224].

2.5 Samantekt og umræða

Sumarið 2021 náðist ekki það markmið að ljúka rannsókn á húsi framan við helli á svæði 1. Reyndist rannsóknin flóknari en gert hafði verið ráð fyrir og mikið hreinsunarstarf í byrjun uppgrafarins tók miklu lengri tíma en áætlað hafði verið. Engu að síður vannst verkið vel og eru línur farnar að skýrast í húsinu. Búið er að grafa burt nánast öll hrúnög í því og þegar þau höfðu verið fjarlægð úr innri hluta hússins kom í ljós sandsteinshleðsla neðst í torfvegg á norðurlanghlið hússins. Er hún um 3 m á lengd og liggur frá miðjum vegg að mörkum sandsteinshólsins sem hellirinn er grafinn inn í. Aðeins eitt umfar er vestast í hleðslunni en næst berginu eru 2-3 umför. Lítið sem ekkert hefur fundist af eiginlegum gólfögum en við uppgrafarlok var komið niður á nokkuð sannfærandi gólfag [1786] framan við hellismunna. Mjög góð varðveisla er á lífrænum leifum í gangi [2100] framan við munnann sem afmarkast af torfbálki [2102] til suðurs og langvegg til norðurs. Þar er meiri raki í jarðlögum en frammar í húsinu sem virðist hægt að skýra með því að stutt er niður á berggrunn sem heldur rakanum betur en ella. Þessar lífrænu



Mynd 26. Horft til austurs inn að hellismunna. Sjá má sandsteinshleðslu neðst í norðurvegg undir vel varðveittri klömbruhleðslu.

leifar [1058] eru líklega úr þakhruni og voru þær lagskiptar. Undir meintum þakleifum var afgerandi sandlag sem bendir til þess að byggingin hafi ekki verið í notkun um nokkurt skeið og þakið hrunið í kjölfarið. Torfbálkurinn sem afmarkar ganginn til suðurs er hlaðinn ofan á þakhrunið og hefur líklega átt að auka burðarþol þaksins og styðja við austasta hluta suðurveggjar. Húsið virðist ekki hafa verið lengi í notkun eftir

að þessi torfbálkur var hlaðinn því að ekki hafa náð að myndast gólfög ofan á þakhruninu í ganginum.

Hleðslur [2107] í hellismunna mynda einhvers konar dyraumbúnað sem á eftir að rannsaka nánar en framan við þær, í gólfagi [1786] fannst lykill að mellulási. Ekki er hægt að fullyrða að lykilinn hafi gengið að lási á dyrum í hellismunna en það er sannarlega möguleiki. Enn sem komið er bendir flest til þess að húsið framan við hellinn hafi verið notað sem hlaða en þá er þörfin á því að hafa lás á dyrum inn í hana ekki augljós. Það er ýmislegt sem styður það að húsið hafi verið notað fyrir hey. Grunnflötur hússins er í talsverðum halla til austurs, í

átt að hellismunna. Hallinn er það mikill (8-10°) að það hefur verið mikið óhagræði að því ef húsið var notað sem skepnuhús því úrgangur úr búfénaðinum hefði runnið í átt að hellismunna. Vel varðveittar heyleifar fundust meðfram veggjum, einkum norðurlangvegg og engin eiginleg gólfög hafa enn fundist í fremri og vestari hluta hússins. Einnig vekur athygli að við og í opi á vesturgafli hafa hvorki fundist ummerki um stoðir eða gólfög sem styrkja það að á gaflinum hafi verið dyr sem gengið var um að jafnaði. Á gaflinum var vissulega op þegar húsið var



Mynd 27. Ofarlega í sunnanverðum hellismunna má sjá greinileg höggfór í bergið.

grafið fram árið 2020 en það kann að hafa verið notað eingöngu til þess að koma heyi inn í hlöðuna að hausti og því lokað á öðrum tímum. Einnig kemur til greina að gaflveggurinn hafi verið rofinn til þess að komast inn í húsið og hellinn eftir að stóri hellirinn hrundi því að þá lokaðist leiðin sem annars var farin inn í það. Talsverðar líkur eru til þess að fjós fyrir fjölda nautgripa hafi verið í stóra hellinum og hefur þurft talsverðan heyforða fyrir þá, a.m.k. mjólkurkýrnar. Áframhaldandi rannsókn og greiningar á plöntu- og skordýraleifum munu varpa skýrari ljósi á hlutverk hússins og hellisins.

Við lok uppgrafter 2021 var búið að grafa fram nokkrar stoðarholur, einkum meðfram norðurvegg hússins en líklegt er að fleiri slíkar eigi eftir að koma í ljós meðfram suðurveggnum þegar torfbálgur [2102] verður grafinn burt. Manngengt er orðið inn í hellinn og því búið að afhjúpa hellismunnann að langmestu leyti en hann er enn nánast fullur af

sandi. Á uppgraftartímanum hrundi grjót úr hellismunnanum sem minnti rannsakendur á að hellirinn er óstöðugur og því þarf að gæta fyllstu varúðar við rannsóknir inni í honum.


Utan við húsið framan við hellinn hafa ýmis áhugaverð en brotakennd mannvirki komið í ljós. Tvær keimlíkar og lítilfjölegar torfhleðslur [834] og [2108] eru sitt hvoru megin við vesturhluta hússins og kemur helst til greina að þær hafi verið hlaðnar í þeim tilgangi að hefta sandinn sem myndaðist þegar útmoksturinn við hellisgerðina molnaði. Innan og austan við þessar hleðslur var gríðarlegt magn af sandi sem ekki hefur verið gott að hafa mikið á ferðinni um svæðið.

Austan og sunnan við húsið eru önnur tvö mannvirki, renna [224] og torfhleðsla [118] en þau virðast vera utan við niðurgroftinn sem gerður var þegar hellirinn var grafinn út og húsið byggt framan við hann. Þessi mannvirki eru því ofar í landinu. Rennan virðist vera grafin áður en gjóskulag úr Kötlu frá 920 fellur og í gegnum landnámslagið. Hún sést í sniði við austurmörk uppgrafterins en einnig var neðsti hluti hennar grafinn í plani á rúmlega 1 m löngum kafla. Neðst í rennunni mátti sjá greinileg páför. Suðaustan við hana eru ummerki um pinnaholur og

gætu þær verið til vitnis um að meðfram renninni hafi verið girðing. Torfhleðsla [118] er fast sunnan við rennuna en samband þessara mannvirkja er ekki vel ljóst því skorið var framan af renninni við forrannsókn árið 2018 og þá var einnig norðurhluti torfhleðslunnar grafinn burt en hún liggur austur-vestur. Þessi torfhleðsla er mun veigameiri en áður nefndar hleðslur en hlutverk hennar er ekki þekkt. Hún gæti t.d. hafa átt að varna því að sauðfé ráfaði inn á þak hússins framan við hellinn.

Minjarnar á svæði 1 eru eldri en áður var talið en efnagreining á gjósku sem liggur yfir þeim reyndist vera úr Heklugosi frá 1158 en ekki úr Heklugosi frá 1206 og hafa mannvirkin því verið fallin úr notkun í kringum aldamótin 1100. Þau virðast því hafa verið í notkun í um 150 ár.³

2.6 Svæði 4 - Meint seltóft við Kamphól



Mynd 28. Yfirborðslikan af minjum sem rannsakaðar voru við Kamphól árið 2021. Staðsetning könnunarskurðar er sýnd með rauðri línu og borkjarna með appelsínugulum punktum.


Getið er um Kampastaði í landi Odda í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá upphafi 18. aldar og greint frá því að menn hafi heyrt að þar hefði verið byggð eða sel frá Odda.⁴ Þegar aðalskráning fornminja var unnin í Odda árið 2009 voru skráðar nokkrar minjar á þeim stað sem töldust tilheyra Kampastöðum. Eru þær við Kamphól sem er á mörkum Þverár og Ytri-Rangár. Meðal þeirra minja sem þá voru skráðar er tóft sem líklegt er að sé af fjósi og hefur

³ Sjá Viðauka II eftir Magnús Á. Sigurgeirsson.

⁴ I. bindi, bls. 264.

sennilega tilheyrir miðaldabýlinu Kampastöðum. Engin bæjartóft er á staðnum og er sennilegt að hún sé horfin vegna mikils landbrots af völdum Þverár. Þegar fornleifaskráning var unnin á völdum svæðum í landi Odda fyrir Oddarannsóknina árið 2020 fannst m.a. afar fornleg tóft við Kamphól og byggt á útliti hennar, stærð og lögun var talið líklegt að þarna hefði verið sel snemma á öldum eins og gefið er til kynna í Jarðabók Árna og Páls.⁵

Minjarnar við Kamphól eru innan friðlands Oddaflóða og var rannsókn á þeim leyfisskyld hjá Umhverfisstofnun. Var leyfið veitt háð ýmsum skilyrðum og var meðal annars mælst til þess að ekki yrði komið með vélknúin ökutæki inn á svæðið sem gerði það að verkum að vænlegast þótti að handgrafa könnunarskurðinn. Við upphaf rannsóknar voru teknir fjórir borkjarnar í tóftina til þess að hægt væri að átta sig á dýpt áfokslaga. Á um 1 m dýpi var komið niður á sannfærandi gólfög (kjarni Kamp1.4) sem virtust lagskipt og sást torfhrun inn á milli þeirra. Þar sem var borað ofan á norðurlangvegg (kjarni Kamp1.2) voru um 0,8 m niður á torfhlaðinn vegg. Ákveðið var að grafa könnunarskurð þvert yfir tóftina litlu vestan við hana miðja, á sama stað og borkjarni Kamp1.4 var tekinn. Skurðurinn var 1x3 m að stærð og sneri norður-suður.



Mynd 29. Niðurstöður borkjarnarannsóknar í meinta seltófti við Kamphól áður en uppgröftur hófst.

Grafið var í gegnum þykk áfokslög sem mörg hver eru sendin. Einnig voru gjóskulög úr Kötlu 1500 og Heklu 1510 mjög áberandi og þykk í skurðinum og voru 30-40 sm niður á þau frá yfirborði. Í suðurhluta skurðarins kom í ljós brot af skeifu (2021-40-21) í áfokslagi


5 Kristborg Þórsdóttir ritstj. 2021. Viðauki I, bls. 32-39.

[2070] beint ofan á gjósku úr Heklugosinu frá 1510 [2071] en fjölfarin leið⁶ virðist hafa legið lengi um þetta svæði, austan við Oddaflóðin.

Í suðurenda skurðarins var komið niður á sannfærandi torfhlaðinn vegg [2084] og voru nokkuð skýr skil milli hans og efsta gólflagsins [2085]. Við innri brún veggjarins er fremur flatur steinn sem ætla má að sé stoðarsteinn. Við hann fannst járnagl (2021-40-23). Kolaborið gólflag [2085] er í miðri tóftinni og er það lítillaga kúpt um miðbikið en lækkar nokkuð skarpt til norðurs. Í norðurhluta



Mynd 30. Skeifubrot (2021-40-21) sem fannst beint ofan á gjósku úr Heklu sem féll árið 1510.




Mynd 31. Flatarteikning af könnunarskurði í tóft við Kamphól við lok uppgraftar.

gólfsins voru fjórir smáir steinar (of smáir til þess að koma til greina sem kljástear). Þar er gólfið ekki eins samfelt og einsleitt og það er sunnar og mögulegt að einhvers konar innrétting hafi verið á þessum stað. Í norðurenda skurðarins er torfveggur/torfhrun [2105] við norðurmörkin. Í torfhruninu er flatur steinn sem stenst á við steininn í suðurenda skurðarins og er hann því einnig að öllum líkindum stoðarsteinn. Snældusnúður (2021-40-5) fannst á mörkum gólfs og torfhruns við nyrðri stoðarsteininn og sunnan við hann fannst brot úr klébergsgrytu (2021-40-27). Þar fast austan við, við austurmörk skurðarins, var nokkuð afgerandi flekkur af brenndum beinum og fannst þar einnig stórgripatönn (2021-40-24). Auk þeirra gripa sem þegar hafa verið nefndir fannst járnagl (2021-40-22) í torfhruni í

6 Sjá leið RA-661:001 í: Kristborg Þórsdóttir ritstj. 2021. Viðauki I, bls. 89-90.

norðvesturhorni skurðarins. Verður nánar fjallað um gripi á báðum uppgraftarsvæðunum í kafla 2.7.

Gjóskulagarannsókn í skurðinum leiddi í ljós að húsið sem grafið var í hefur líklega verið í notkun á tímabilinu 950-1050.⁷ Grýtbrot og snældusnúður úr klébergi styrkja einnig þá aldursgreiningu en klébergsgripir sem fundist hefur á Íslandi eru taldir tilheyra tímabilinu 9.-11. öld.⁸



Mynd 32. Vestursnið könnunarskurðar í tóft við Kamphól.

Í miðjum skurðinum, við vesturmörk hans, var grafin lítil könnunarhola (0,1x0,2 m stór). Þar var hægt að greina á milli þriggja gólfлага en undir efsta gólfáginu [2085] er nokkuð afgerandi áfokslag/torfhrun [2090]. Einnig eru smásteinar á skilum á milli miðgólfs [2089] og neðsta gólfsins [2091] sem hægt var að greina. Bendir þetta hvorttveggja til þess að ekki hafi verið samfelld, órofa notkun á þessu húsi en ekki er hægt að taka af allan vafa um að þarna hafi verið sel. Margt styður það þó og má nefna staðsetninguna, minjarnar sem virðast vera samtíða henni, lögun tóftarinnar og lagskipt gólfögin.

Athygli vekur hve byggingin hefur verið í notkun í stuttan tíma, eða aðeins í um 100

7 Sjá viðauka II eftir Magnús Á. Sigurgeirsson.

8 Kristján Eldjárn 1949, bls. 58.



Mynd 33. Dökkt gólfslag [2085] er í miðjum skurði í tóft við Kamphól á milli suðurveggjar [2084] (lengst til vinstri) og norðurveggjar [2105] (lengst til hægri). Horft ofan í skurð til vesturs.

ár. Má velta því fyrir sér hvort seljabúskap hafi alfarið verið hætt og framleiðslan sem þar var stunduð hafi færst yfir á önnur býli sem höfðingjar í Odda áttu eða höfðu undir sinni stjórn. Eins má velta því fyrir sér hvort selið hafi verið flutt á annan stað og þá hvers vegna það var gert. Var það vegna breyttra aðstæðna við Kamphól, vegna breytinga í skipulagi búskaparins eða víðtækari breytinga í samfélaginu? Snældusnúður fannst norðarlega í könnunarskurðinum en hann gefur til kynna að tóvinna hafi farið fram á staðnum og er það mikilvæg vitneskja fyrir skilning á því hvaða störf voru unnin í selinu.

Eitt sel frá sama tímabili hefur verið grafið upp að fullu hér á landi en það eru Pálstóftir innst á Brúardal sem gengur inn til landsins úr Jökuldal á Austurlandi.⁹ Selið á Brúardal og meint seltóft í Odda virðast ekki eiga margt sameiginlegt en þó má benda á það að þau voru í notkun á sama tíma og langveggir þeirra eru beinir en ekki bogadregnir eins og algengt var um hús á víkingaöld. Reyndar er seltóftin fyrir austan mjög lítil (15 m²) sem kann að hafa haft áhrif á byggingarlagið. Heildaruppgröftur á meintri seltóft í Odda myndi að líkindum geta tekið af allan vafa um hlutverk hennar og bætt miklu við vitneskju okkar um seljabúskap á fyrstu öldum byggðar á Íslandi og breytingum sem verða á honum. Þó að hér séu aðeins tvö dæmi um möguleg sel frá víkingaöld sem eru yfirgefin um miðja 11. öld eru þau ákveðin vísbending um að á því tímabili hafi orðið víðtækar breytingar á seljabúskap.

Auk þess að grafa könnunarskurð í meinta seltóft var þess freistað að fá upplýsingar um aldur tóftar framan við lokaðan manngerðan helli í Kamphóli með því að nota kjarnabor (kjarni Kamp 1.5). Skemmst er frá því að segja að í borinn sem náði u.þ.b. 1,2 m ofan í jörðina kom

⁹ Lucas, Gavin 2011.

aðeins sandur og sendin áfokslög. Ekki varð einu sinni vart við gjóskulögin úr Kötlu 1500 og Heklu 1510 sem eru afgerandi þykk á svæðinu. Það fengust því engar vísbendingar um aldur minjanna og þyrfti að ráðast í umfangsmeiri rannsókn með uppgrefti til þess að fá upplýsingar um aldur og hlutverk. Þessi mikli áfokssandur kemur að líkindum að mestu leyti úr farvegi Þverár sem er mjög stutt frá minjunum, mun nær þeim en tóftinni sem grafið var í, auk þess sem þær eru í lægð og því safnast meiri jarðvegur og sandur að þeim en ella.

2.7 Gripir

Alls fundust 13 gripir skráðir undir 11 númerum við rannsóknina í Odda 2021 auk tveggja stórgripatanna. Þar af fundust fimm gripir á svæði 1 í tóftinni við hellinn en átta á svæði 4 við Kamphól. Allir gripir á svæði 1 voru mældir inn með alstöð og skráðir í gagnagrunn rannsóknarinnar en gripir á svæði 4 voru merktir inn á teikningu af könnunarskurði sem var mældur upp með Trimble Goexplorer 6000. Um frágang, ljósmyndun, skráningu og fyrirbyggjandi forvörslu gripanna sá Kristjana Vilhjálmsdóttir. Um greiningu sáu Guðrún Alda Gísladóttir og Kristjana Vilhjálmsdóttir.

Varðveisla gripanna er nokkuð mismunandi. Járngripir sem fundust á svæði 4 eru talsvert ryðbrunnir, en járnlyklill (2021-40-20) sem fannst á svæði 1 er óvenju vel varðveittur.



Mynd 34. Samsett mynd af lykli (2021-40-20) sem fannst í húsi framan við hellismunna á svæði 1.

Eitt lítið brot af mögulegum kopargrip (2021-40-18) fannst á svæði 1, en brotið er mjög tært og ekki hægt að greina það frekar. Engin bein fundust en tvær tennur, önnur á svæði 1 en hin á svæði 4, og á svæði 1 fannst nokkuð af viðarleifum í sémilegu ástandi.

Helsti gripurinn sem fannst á svæði 1 er lykill (2021-40-20) sem fannst í gólflagi [1786]. Þessi gerð lykla gekk að hengilásum, mellulásum með sívölu húsi. Lykillinn hefur sporöskjulaga skegg sem myndar vinkil við legginn og á handfangi eru lítið hringlaga auga. Lykillinn er af gerð 5a samkvæmt flokkun Goodall á miðaldalyklum frá Bretlandi.¹⁰ Lyklar af þessari gerð eru flestir frá 11.-14. öld en finnast þó um allar miðaldir.¹¹ Á Íslandi hafa mellulásar m.a. fundist í Gröf á Öraefum, frá því fyrir 1362, og við uppgröft í Skálholti 1954-1958.¹² Flestir melluláslyklar frá miðöldum sem fundist hafa hér á landi eru af annarri gerð en sá sem fannst í Odda, annað hvort með rúnnuðu skeggi með fjórum skörðum og gati í miðju, eða með tveimur vinkilbeygðum krókum.¹³ Að minnsta kosti einn lykill með kringlóttu skeggi hefur þó fundist, en aldur hans og uppruni er óþekktur.¹⁴

Viðarleifar (2021-40-17 og 2021-40-26) sem fundust á svæði 1 eru unnar spýtur en þær bíða frekari greininga. Einn vikurmoli (2021-40-16) fannst einnig í tóftinni við hellinn, í lagi



Mynd 35. Snældusnúður (2021-40-25) úr klébergi.



Mynd 36. Grýtubrot (2021-40-27) úr klébergi.

[1058]. Hann er ávalur en full lítill til að líklegt sé að hann hafi verið notaður til slípunar.

Á svæði 4 fundust tveir gripir úr klébergi, annars vegar grýtubrot (2021-40-27) sem fannst í gólflagi [2085] tóftarinnar við Kamphól og snældusnúður (2021-40-25) sem fannst í sama lagi á mörkum gólfs og torfhruns. Þessi jarðlög eru í minjum sem hafa verið aldursgreind til tímabilsins 950-1050.¹⁵ Kléberg finnst ekki í íslenskrri náttúru og er almennt talið norskur innflutningur. Gripir úr klébergi voru tiltölulega algengir á víkingaöld en finnast afar sjaldan eftir þann tíma.¹⁶ Grýtubrotið er veggubrot með svolíttilli sveigju og virðist hafa verið úr fremur stórrí grýtu. Merki eru um að reynt hafi verið að gera við grýtuna eftir að hún brotnaði því borföer eru á brotsárum. Snældusnúðurinn er hálfkúlulaga með flatan botn og mest ummál við botninn.

10 Goodall 2011, bls. 239.

11 Goodall 2011, bls. 239; Ottaway 1992, bls. 675-676; Færden 1990, bls. 216.

12 Gísli Gestsson 1959, bls. 72; Kristján Eldjárn 1988, bls. 91.

13 Sbr. Þjms. 4496/1898-63 og Þjms. 3251/1889-65.

14 Þjms. 4264/1896-42.

15 Sjá viðauka II eftir Magnús Á. Sigurgeirsson.

16 Kristján Eldjárn 1951, bls. 60.

Pottahrím er á botni snældusnúðarins og er hann búinn til úr brotinni grýtu. Hann telst af gerð A samkvæmt flokkun Øye á snældusnúðum frá Bergen¹⁷ og af gerð A1 samkvæmt flokkun Walton Rogers á snældusnúðum frá Jórdvík.¹⁸ Snældusnúðar frá víkingaöld sem fundist hafa á Bergensvæðinu eru flestir af gerð A, eða 64% en á tímabilinu 1150-1500 er hlutfall þessarar formgerðar orðin 40%.¹⁹ Í Jórdvík eru A-gerðir algengastar á 9.-10. öld en þeim fer fækkandi á 11. öld.²⁰ Á Íslandi er þessi tegund sú algengasta fram undir 1300.²¹

Meðal járngripa sem fundust í tóftinni við Kamphól voru tveir naglar (2021-40-22 og 2021-40-23). Þeir fundust báðir í torfhruni, nagli (2021-40-22) í lagi [2083] en nagli (2021-40-23) í lagi [2082] og tengjast mögulega timburverki í byggingunni Til yngri gripa telst skeifubrot (2021-40-21) sem fannst í áfokslagi [2071] ofan á gjósku frá 1510.

Þrjú vikurmolar (2021-40-28) fundust jafnframt á svæði 4 í lagi [2082], í torfhruni og áfokslagi yfir tóftinni við Kamphól, en líkt og með vikurmolann sem fannst á svæði 1 er ólíklegt að þeir hafi verið notaðir til slípunar.

Gripirnir sem fundust árið 2021 eru ekki margir. Þeir sem finnast í skurði í tóftina við Kamphól á svæði 4 tengjast eldamennsku og tóvinnu en lykilinn úr tóftinni fyrir framan hellinn á svæði 1 er af hengilási af algengri miðaldagerð. Við áframhaldandi rannsóknir á minjum á svæði 1 má vonast til að fleiri einkar vel tímasettir miðaldagripir komi í ljós sem varpað geta ljósi á það sem menn baukuðu í hellunum fram að þeim tíma sem þeir hrundu og voru yfirgefnir.

2.8 Frágangur uppgriftarsvæða

Í ljósi reynslunnar frá árinu 2020 var ekki reynt að hylja vegg húsins framan við hellinn á svæði 1 við lok rannsóknar. Grjót var sett ofan í stærri stoðarholur sem búið var að grafa



Mynd 37. Frágangur á svæði 1 við lok uppgriftar.



Mynd 38. Frágangur á svæði 4 við lok uppgriftar.

17 Øye 1988, bls 38.

18 Walton Rogers 1997, bls. 1736, 1738 fig. 806.

19 Øye 1988, bls. 52.

20 Walton Rogers 1997, bls. 1736.

21 Ármann Dan Árnason 2015, bls. 36.


og jarðvegsdúkur lagður á gólf hússins. Hann var fergður með grjóti, spýtum og jarðvegi. Hellismunnanum var lokað til bráðbirgða með því að setja stóran timburfleka fyrir hann og festa jarðvegsdúk á hann. Frágangur við lok rannsóknar á svæði 4 var með þeim hætti að mokað var ofan í könnunarskurð með handafla og tyrft aftur yfir.

3. Kortlagning ferðaleiða

Hluti af markmiðum fornleifarannsóknna í Oddarannsókninni fyrir sumarið 2021 var að halda áfram vinnu við að kortleggja ferðaleiðir til og frá Odda sem hófst árið 2020. Eru leiðirnar sem liggja um land Odda og næsta nágrenni fjölmargar og frá mismunandi tímum. Oddi er mjög miðsvæðis og lá vel við samgöngum og er það talið hafa átt þátt í því að staðurinn varð miðstöð í víðum skilningi.²² Rannsókn á samgöngukerfinu er því mikilvæg fyrir skilning á stöðu Odda á valdatíma Oddaverja.

Ýmsum ólíkum aðferðum var beitt við rannsóknina. Stuðst var við eldri skráningargögn Fornleifastofnunar Íslands, loftmyndir frá Loftmyndum ehf., loftmynd frá Landmælingum Íslands sem tekin var 1954 og kort frá Herforingjaráðinu sem gefin voru út 1908 auk ýmissa annarra heimilda. Skráðar voru 10 leiðir, bæði á vettvangi og af loftmyndum. Lesa má nánar um leiðirnar í viðauka I.


Auk þess að skrá og rekja leiðir sem sjást á yfirborði eða á loftmyndum og getið er um í heimildum er einnig gagnlegt að kortleggja áfangastaði í nágrenni við Odda við rannsókn á samgöngukerfinu. Mikilvægt er að átta sig á því hvert var verið að fara á hverjum tíma og í



Mynd 39. Kort sem sýnir staðsetningu bæja sem átta kirkjusókn í Odda. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

²² Helgi Þorláksson 1989.

hvaða tilgangi. Það lágu til að mynda leiðir frá öllum sóknarbæjum Odda að kirkjunni þar. Voru þær leiðir farnar með reglubundnum hætti um margra alda skeið (sjá mynd 39). Sé horft út fyrir sóknina var farið á milli Odda og helstu stofnana sem voru við líði á tímum Oddaverja og síðar. Eru það leiðir sem voru farnar reglulega en sjaldnar en leiðirnar milli kirkju og sóknarbæja. Á




Mynd 40. Kort sem sýnir helstu áfangastaði í nágrenni Odda á Suðurlandi auk sóknarbæja. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

mynd 40 er kort sem sýnir þessa helstu áfangastaði auk sóknarbæjanna. Verslunarstaðir/hafnir, þingstaðir og trúarlegar miðstöðvar eru settar undir einn hatt sem samkomustaðir á kortinu.

Við kortlagningu samgönguleiða í kringum Odda þarf að hafa í huga að á Rangárvöllum og svæðinu í kringum Odda hafa orðið gríðarmiklar umhverfisbreytingar. Ár hafa breytt farvegum sínum og mikill uppblástur hefur leikið sveitina grátt samhliða áfoki. Eitt dæmi um frekar lítillsháttar breytingu á farvegi Eystri-Rangár er af svokölluðum Hólmi sem komst undir Móeiðarhvol á 18. öld en tilheyrði fram að því landi Lambhaga þegar áin rann suðaustan við hann.²³ Umfangsmeiri breytingar hafa orðið neðar á farvegi Eystri-Rangár sem hafa að líkindum orðið í kjölfar breytinga á farvegi Þverár. Það eru líka ákveðnar vísbendingar um að Ytri-Rangá hafi breytt farvegi sínum í gegnum tíðina og er sennilegt að vikurhlaup í ánni í tengslum við Heklugos hafi stuðlað að þeim breytingum. Á mynd 41 er kort með tilgátum um eldri farvegi ána sem koma við sögu í nágrenni Odda. Á kortinu má auk þess sjá þekkt vöð og ferjustaði á ám og lækjum á svæðinu. Umhverfisbreytingarnar í kringum Odda þarf að rannsaka mun betur og tímasetja nánar en hefur verið gert hingað til.

²³ Örnefnaskrá Móeiðarhovls, bls. 10.



Mynd 41. Kort sem sýnir tilgátur um eldri farvegi ána í nágrenni Odda. Einnig má sjá þekkt vöð og ferjustaði. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Tvær leiðir af þeim sem skráðar voru sumarið 2021 eru einkar athyglisverðar. Önnur þeirra er mikilvæg alfaraleið sem lá meðfram Móeiðarhvalsöldu frá Stórolfshvoli að Bergvaði á Eystri-Rangá og áfram að Odda.²⁴ Bergvað virðist hafa verið sérlega gott vað og mikilvægt fyrst að jörðin Bergvað tekur nafn sitt af því. Eystri-Rangá er ekki stórfljót og það er víða auðvelt að komast yfir hana en líklega hefur Bergvað ekki síst skipt máli fyrir vöruflutninga, að það hafi verið hægt að komast yfir ána með varning eins og ost og viðardrögur þar sem móbergshella var í botni árinna en ekki sandur líkt og víðast annarsstaðar. Á vettvangi var hægt að sjá breytingar á leiðinni og eru eldri götur og meira niðurgrafnar á bakka Móeiðarhvalsöldu en fjöldamargar reiðgötur eru aðeins sunnar og lengra frá Öldunni og víðast þær yngri. Þær götur sem eru næst Öldunni hafa víða brotnað ofan í hana og eru því orðnar mjög brotakenndar en einnig eru stórir hlutar leiðarinnar horfnir vegna ræktunar og annars rasks. Eldri hluti leiðarinnar lá meðfram túni eyðijarðarinnar Bergvaðs og að eldra Bergvaði á ánni en yngri hluti leiðarinnar heldur áfram til norðvesturs að yngra Bergvaði og Fögrubrekkuvaði. Hefur eldra Bergvað líklega orðið illfært og leiðin því færð ofar með ánni en einnig getur verið að aðrar ástæður hafi haft áhrif á tilfærslu leiðarinnar frá túninu á Bergvaði.

Hin leiðin sem stendur upp úr af þeim sem skráð var á vettvangi sumarið 2021 er niðurgrafin leið, Varmadalsgrafir RA-661:049, sem ætla má að hafi verið farin milli Odda og skógarítaka staðarins inn til landsins. Skógarleiðir skera sig frá öðrum leiðum að því leyti að á

²⁴ Hefur leiðin númerið RA-651:006 í Hvolhreppi (sjá viðauka I) og RA-661:044 í landi Odda í Rangárvallahreppi (sjá Kristborg Þórsdóttir (ritstj.) 2020), viðauki I) en Bergvað er númer RA-228:013. Fjallað verður um minjar í landi Bergvaðs í áfangaskýrslu um fornleifaskráningu í Rangárþingi eystra innan tíðar.



Mynd 42. Viðarlest á leið úr Þórsmörk um 1940. Ljósmynd Bjarni Guðmundsson, úr bókinni *Þórsmörk eftir Þórð Tómasson*, bls. 180.

Þeim myndast niðurgrafin rás eða gróf eftir umferð hestalesta með viðardrögur eða kol sem gert var til í skógum. Á fjölförnum ferðaleiðum er hins vegar algengt að sjáist margar samhliða götur. Í Rangárþingi ytra eru víða djúpar, niðurgrafnar leiðir sem virðast hafa myndast við kola- og viðarflutning í lestum eins og þann sem sjá má á mynd 42. Í Holtum og Landsveit eru fleiri skógarleiðir og eru dæmi um að slíkar leiðir séu kallaðar Skollagrófir eða Skollalautir með vísun í munnmælasögu um viðarflutning kölska.²⁵ Um Varmadalsgrafir er einnig til svipuð munnmælasaga um að þær hafi myndast við viðarflutning kölska fyrir Sæmund fróða í Odda²⁶ og er líklegt að Skolla-nöfnin um þessar niðurgrofnu skógarleiðir eigi uppruna sinn í sögunni um Sæmund og Odda. Ef til vill gefur sögnin til kynna að magn viðarflutninga í Odda hafi verið með mesta móti og ekki á færi annarra en yfirnáttúrulegra vera.

Ekki er hægt að láta hjá líða í þessum kafla að fjalla sérstaklega um einn af þeim gripum sem fundust í könnunarskurðinum sem grafinn var í meinta seltóft við Kamphól. Ofarlega í sunnanverðum skurðinum kom í ljós brot af skeifu undan hesti (2021-40-21) beint ofan á gjósku- eða vikurlagi úr Heklugosi frá 1510. Vel þekkt og fjölfarin leið RA-661:001 lá um þetta svæði fyrr á öldum en fyrr en nú hefur ekkert verið vitað um það hversu lengi hún hefur verið farin. Snemma á 16. öld var seltóftin löngu orðin yfirgróin og farin að samlagast jörðinni. Þá hefur leiðin legið yfir gamla selstæðið og hestur tapað skeifu þar sem beið þess að finnast fjórum öldum síðar. Enn sjást fjölmargar götur á þessu svæði og eru þær síst skýrastar þar sem þær liggja yfir seltóftina. Svo virðist sem að elsta útgáfa leiðarinnar hafi legið norðan við selstæðið og er þar talsvert rof, en eftir að selið fer úr notkun og svo síðar meir býlið Kampastaðir, hefur skipt minna máli hvar farið var og göturnar dreifst yfir stærra svæði.

Við vettvangsrannsókn á leiðum í nágrenni Odda fundust óvænt áður óþekktar minjar

25 Sjá *Skollalautir RA-671:008* og *Skollagróf RA-671:019* (Kristborg Þórsdóttir ritstj. 2014). Einnig er þjóðsagan *Skollagróf RA-661:009* (Kristborg Þórsdóttir ritstj. 2010) skráð á Rangárvöllum í náttúrulegri gróf skammt frá *Varmadalsgröfum RA-661:049*.

26 Munnmælasögur 17. aldar, bls. 41.



Mynd 43. Nýfundioð bæjarstæði í landi Oddhóls á mótis við Bergvað á Eystri-Rangá. Rauðar brotalínur tákna götur. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

sem virðast vera víkingaaldarbýli. Minjarnar eru í hvammi á vesturbakka Eystri-Rangár í landi Oddhóls en tilheyrðu áður óskiptu heimalandi Odda. Staðsetning þeirra er áhugaverð því að frá bæjarstæðinu sést vel yfir að eldra Bergvaði. Einnig er Klaufarvað á ánni litlu sunnan við bæjarstæðið og leið sem lá frá því til norðurs, fast vestan við tún býlisins. Það hefur því verið hægt um vik að fylgjast með mannaferðum úr austri og suðri frá þeim stað ef þörf krafði en umfang minjanna og dreifing þeirra bendir til að þarna hafi verið hefðbundið býli frekar en sel.

4. Minjar á Bergvaði

Eyðijörðin Bergvað dregur nafn sitt af samnefndu vaði á Eystri-Rangá. Hún er í gamla Hvolhreppi sem er hluti af Rangárþingi eystra og tilheyrir jörðinni Móeiðarhvoli. Jörðin Bergvað fór líklega í eyði um miðja 19. öld en var um tíma eign Oddakirkju og er getið í máldaga frá 1270.²⁷ Bærinn átti einnig sókn að Oddakirkju.

Um þessar mundir vinnur Fornleifastofnun að aðalskráningu minja í Rangárþingi eystra og síðastliðið sumar (2021) voru minjar m.a. skráðar á jörðinni Bergvaði. Utan við þann hluta gamla heimatúnsins sem hefur verið sléttður er heillegt minjalandslag sem virðist vera frá miðöldum þar sem meðal annars eru hrundir manngerðir hellar og gríðarlega umfangsmikil gerði sem líklegt er að hafi verið nýtt sem akurgerði. Ná þau yfir svæði sem er 4 ha að stærð. Ef þetta eru í raun akurgerði er umfang þeirra það mikið að það virðist ólíklegt að ræktun í þeim

²⁷ Diplomatarium Islandicum II, bls. 86.

hafi eingöngu verið til heimabruks. Hér er því lögð fram sú tilgáta að korn hafi verið ræktað á Bergvaði fyrir höfðingjana á stórbúinu í Odda. Til þess að komast nær því að vita hvaða hlutverki meint akurgerði hafa gegnt þyrfti að taka frjókornasýni úr þeim til greiningar. Fyrir akurgerði af þessari stærðargráðu hefur þurft mikinn áburð sem fengist hefur úr húsdýrum. Honum hefur verið mokað út úr húsum og hann borinn á akrana eða fengist með því að beita húsdýrum innan akra sem lagðir voru í tröð en það var gert til þess að hvíla akurlönd.²⁸ Hafa ber í huga að fé gekk úti á Suðurlandi langt fram eftir öldum og voru það því aðallega kýr og nautgripir sem voru höfð á húsi um vetur. Það hefur því þurft mikinn fjölda slíkra gripa til þess að fá nægan áburð á 4 ha af akurlendi.



Mynd 44. Loftmynd tekin til suðurs af hluta þeirra miðaldaminja í landi eyðibýlisins Bergvaðs sem var í eigu kirkjunnar í Odda á 13. öld. Í forgrunni er fallinn manngerður hellir innan torfshlaðins gerðis. Fjær eru umfangsmikil akurgerði. Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

Ekki er vitað um aldur minjanna á Bergvaði þó að útlit þeirra bendi helst til þess að þær séu frá miðöldum. Í bók Helga Þorlákssonar, *Gamlar götur og goðavald*, er greint frá fornleifarannsókn sem Guðmundur Ólafsson gerði á löngum garði sem er hluti af garðakerfinu á Bergvaði og liggur frá akurgerðum til ANA að Eystri-Rangá. Í ljós kom að garðurinn var hlaðinn ofan á tvö söguleg gjóskulög. Neðra lagið er landnámslagið og það efra er svart gjóskulag sem Guðmundur taldi annaðhvort vera úr Kötflugosi frá um 1000 eða Eldgjá frá 934. Af reynslunni í Odda að dæma er þetta svarta gjóskulag hins vegar að öllum líkindum úr Kötflugosi frá um 920. Garðhleðslan er 3-4 sm ofan við það gjóskulag og því sennilegt að garðurinn hafi verið hlaðinn á síðari hluta 10. aldar eða snemma á 11. öld. Yfir garðinum og hruni úr honum er svo gjóska úr

²⁸ Björn M. Ólsen 1910, bls. 146-148.

Kötlugosi frá 1500 en ekki er ljóst hvenær hann hrynur og hætt er að halda honum við.²⁹ Götur á leið RA-651:006 sem fjallað var um í kafla 3 liggja yfir þennan garð eða um hlið á honum eins og Helgi Þorláksson hefur bent á í áður nefndu riti.³⁰

5. Samantekt og helstu niðurstöður

Mikið af upplýsingum hefur safnast í sarpinn eftir rannsóknarárið 2021 og er myndin af höfðingjasetrinu í Odda á tímabilinu 1100-1300 tekin að skýrast enn frekar þó að enn sé margt á huldu. Það kom nokkuð á óvart að hellirinn og torfhlaðna húsið framan við hann eru enn eldri en áður var talið og hafa líklega verið farin úr notkun um aldamótin 1100. Meint seltóft við Kamphól er einnig mjög forn og virðist hafa verið í notkun á tímabilinu 950-1050. Þá er staðurinn yfirgefinn en býli byggist upp á sama stað, litlu sunnar, á miðöldum. Þær minjar sem hafa verið rannsakaðar með uppgrefti eru því frá tímabilinu 950-1100 þegar búseta á jörðinni festist í sessi og veldi síðari tíma er undirbyggt. Það er því margt að koma í ljós um tímabilið á undan því sem er aðallega til rannsóknar í Oddarannsókninni en það er ekki síður mikilvægt til að skilja uppgang Oddaverja og hvernig veldi þeirra varð til.

Nýjar niðurstöður gjóskurannsókna gefa tilefni til þess að endurskoða eldri hugmyndir rannsakenda um að nautahellir úr Jarsteinabók Þorláks helga Þórhallssonar biskups frá 1199³¹ sé sá fallni hellir sem tengist minni helli sem er til rannsóknar á svæði 1. Til þess er hann of gamall en hann virðist hafa hrunið um aldamótin 1100 (að minnsta kosti að hluta) en ekki nærri aldamótunum 1200 þegar jarsteinasögum um helgi Þorláks var safnað. Í Hellirsdölum eru tveir stórir samtengdir hellar og leiddi könnunarskurður í munna austari hellisins í ljós yngri minjar en verið er að rannsaka á svæði 1. Það er því enn hugsanlegt að nautahellir hafi verið í þeim helli. Fjölmargir aðrir lokaðir og hrundir hellar eru í Odda og því er í raun alls óvíst hver þeirra var nautahellir. Það er hins vegar mjög líklegt að hellirinn sem verið er að rannsaka í Odda sé afhellir stórs fjóshellis, hvort sem hann var notaður fyrir naut eða kýr. Og enn sem komið er virðist húsið framan við hellinn hafa verið notað sem hlaða. Reynist þessi grunur réttur hefur verið komið gríðarstórt nautabú í Odda mjög snemma á öldum. Eins eru vísbendingar um að sel frá elstu tíð hafi verið við Kamphól og mögulega var hellir í sjálfum Kamphóli samtíða selinu sem var í notkun á tímabilinu 950-1050. Í meintri seltóft fannst snældusnúður sem gefur til kynna að þar hafi farið fram tóvinna samhliða öðrum verkum. Aðeins eitt sel frá þessu tímabili hefur verið fullgrafið á Íslandi en þar fundust engin ummerki um tóvinnu.

Áframhaldandi rannsókn og skráning á leiðakerfinu í kringum Odda gaf áhugaverðar niðurstöður og hefur leitt í ljós tilfærslu á Bergvaði, mikilvægu og fjölförnu vaði á Eystri-Rangá. Eldri leið sem lá að eldra vaðinu er niðurgrafin af mikilli umferð en mögulega einnig af því að eftir henni hafa verið lestarflutningar. Ekki er ljóst hvenær vaðið spilltist eða var fært til. Ekki voru eingöngu skráðar ferðaleiðir heldur var einnig skráð leið sem að öllum líkindum

²⁹ Helgi Þorláksson 1989, bls. 37-42.

³⁰ Helgi Þorláksson 1989, bls. 37.

³¹ Íslensk fornrit XVI. Biskupasögur II 2002, bls. 126-7.

hefur legið á milli Odda og skógarítaka staðarins inn til landsins. Eru slíkar leiðir niðurgrafnar grófir sem skera sig frá reiðleiðum þar sem sjá má margar samhliða götur. Hefur vafalaust verið mikill viðarflutningur í Odda fyrir á tíð en skógargötur til Odda skera sig ekki frá öðrum skógargötum sem þekktar eru víðar í Holtum og á Landi. Um skógarleiðina í Odda er hins vegar til sú munnmælasaga að kölski hafi séð um viðarflutninginn til Odda fyrir Sæmund fróða. Ef til vill mætti túlka söguna á þann hátt að viðarflutningurinn hafi verið svo mikill að ekki hafi verið á færi annarra en yfirnáttúrulegra vera. Þessi munnmælasaga um ummerki eftir viðarflutning kölska hefur svo færst yfir á nokkrar aðrir skógarleiðir á svæðinu.



Mynd 45. Horft til norðurs yfir túnið í Odda. Fremst á mynd er Langekra og hellarnir á rannsóknarsvæði 1.

Við leiðarannsóknina fundust óvænt fornlegar minjar á vesturbakka Eystri-Rangár, móts við vaðið Bergvað og samnefnt eyðibýli. Virðist þar hafa verið býli og af útliti minjanna að dæma eru þær frá víkingaöld eða snemma á miðöldum. Þessi fundur er mikilvægur fyrir skilning á því hvernig byggð þróaðist í heimalandi Odda og hvernig búrekstri var háttáð innan þess. Nýfundnið býli er nafnlaust og hefur farið snemma í eyði eða verið lagt í eyði. Ekkert er vitað um tengsl þess við höfuðbólið Odda eða ástæður þess að ekki hélst byggð á þessum stað en staðsetning bæjarins og nálægð hans við eina mikilvægustu leiðina að Odda er áhugaverð. Frá honum hefur verið hægt um vik að fylgjast með ferðum fólks og vöruflutningi um Bergvað og hefur það líklega haft áhrif á staðarvalið ef um hjábýli frá Odda er að ræða. Þannig hafa höfðingjarnir í Odda getað látið fylgjast með ferðum um vaðið yfir í land Odda ef þörf hefur þótt á slíku eftirliti.

Umfangsmiklar miðaldaminjar á eyðibýlinu Bergvaði sem nýlega hafa verið uppgötvaðar og skráðar benda til þess að höfðingjarnir í Odda hafi ekki látið heimajörðina duga til þess að standa undir búrekstri sínum. Bergvað var í eigu kirkjunnar í Odda á miðöldum og umfangsmikil akurgerði þar auk fleiri fornlegra minja benda til þess að þar hafi verið umfangsmeiri kornrækt en svo að hún hafi eingöngu verið til heimabruks á Bergvaði.

Rannsóknir í Odda benda til þess að auður og veldi Oddaverja hafi byggt á breiðum grunni og staðið á gömlum merg. Snemma hefur verið búið stórbúi í Odda en fornleifahluti Oddarannsóknarinnar hefur brugðið ljósi á seljabúskap og mikla nautgriparækt sem virðist hafa verið stunduð á staðnum frá miðri 10. öld. Á 11. öld var auður og áhrif höfðingja á Odda það mikil að hægt var að senda Sæmund fróða út til náms en slíkt var aðeins á færi örfárra höfðingjasona á Íslandi á þeim tíma. Vonir eru bundnar við að áframhaldandi rannsóknir í Odda muni veita betri innsýn í búskaparhætti í Odda frá elstu tíð og hvernig þeir þróuðust í takt við aukin völd og umsvif Oddaverja.

6. Heimildir

- Ármann Dan Árnason. 2015. *Er eitthvað í þig spunnið? Er hægt að greina formgerðarlega þróun snældusnúða á Íslandi frá landnámi til ársins 1300*. Ritgerð til BA-prófs í fornleifafræði. Hugvísindasvið Háskóla Íslands.
- Björn M. Ólsen. 1910. „Um kornirkju á Íslandi að fornu.“ *Búnaðarrit* 24, bls. 81-167.
- Færden, G. 1990. Metallgjenstander. Í Schia, E. & Molaug, P. B. (ritstj.) *De Arkeologiske utgravninger i Gamlebyen, Oslo. 7-8 1 : Dagliglivets gjenstander*. Øvre Ervik: Alvheim & Eide.
- Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*. 1857-1972. Hið íslenszka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín I. Vestmannaeyja- og Rangárvallasýsla*. 1913-1917. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn.
- Gísli Gestsson. 1959. ‘Gröf í Öräfum.’ *Árbók Hins íslenszka fornleifafélags 1959*, bls. 5-87.
- Goodall, I.H. 2011. *Ironwork in Medieval Britain: an archaeological study*. The Society for Medieval Archaeology Monograph 31. London: Routledge.
- Helgi Þorláksson. 1989. *Gamlar götur og goðavald. Um fornar leiðir og völd Oddaverja í Rangárþingi*. Rit Sagnfræðistofnunar 25. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Íslensk fornrit XVI. Biskupasögur II*. 2002. Ásdís Egilsdóttir gaf út. Jónas Kristjánsson (ritstj.). Hið íslenszka fornritafélag, Reykjavík.
- Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). 2010. *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla II*. FS466-06192. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). 2014. *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla III*. FS526-06193. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- Kristborg Þórsdóttir og Lilja Björk Pálsdóttir. 2018. *Oddarannsóknin. Forrannsókn á manngerðum hellum í Odda*. FS723-18151. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). 2020. *Oddarannsóknin. Fornleifarannsóknir í Odda 2020*. FS830-20201. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- Kristján Eldjárn. 1951. Kléberg á Íslandi. *Árbók Hins íslenszka fornleifafélags 1949-50*, bls. 41-62.
- Kristján Eldjárn. 1988. Forngrípaskrá. Í Kristján Eldjárn, Hákon Christie & Jón Steffensen. *Skálholt: Fornleifarannsóknir 1954-1958*. Reykjavík: Lögberg, bls. 47-110.

- Lucas, Gavin (ritstj.). 2003. *Archaeological field manual*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- Lucas, Gavin. 2011. 'Pálstóftir.' *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2011*, bls. 187-208.
- Munnmælasögur 17. aldar*. 1955. Bjarni Einarsson bjó til prentunar. Hið íslenska fræðafélag, Reykjavík.
- Ottaway, P. 1992. *Anglo-Scandinavian Ironwork from Coppergate, York*. Fascicule 17/6. York Archaeological Trust/Council for British Archaeology.
- Þjms. 3251/1889-65: *Sarpur: Menningarsögulegt gagnasafn*. Lykill. Þjóðminjasafn Íslands. <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=339869>
- Þjms. 4496/1898-63: *Sarpur: Menningarsögulegt gagnasafn*. Merluláslykill. Þjóðminjasafn Íslands. <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=316219>
- Þjms. 4264/1896-42: *Sarpur: Menningarsögulegt gagnasafn*. Merluláslykill. Þjóðminjasafn Íslands. Sótt af <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=314702>.
- Walton-Rogers, P. 1997. Textile Production at 16-22 Coppergate. *The Archaeology of York. The small Finds 17/11*. Council for British Archaeology.
- Þórður Tómasson. 1996. *Þórsmörk. Land og saga*. Mál og mynd, Reykjavík.
- Örnefnaskrá Móeiðarhvals. [Án árs]. Þorsteinn Sch. Thorarensen skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.
- Øye, I. 1988. *Textile Equipment and its Working Environment, Bryggen in Bergen c 1150-1500*. The Bryggen Papers Main Ser vol 2. Bergen: Norwegian University Press.

7. Myndaskrá

Mynd 1. Staðsetning rannsóknarsvæðisins í Odda sýnt á Íslandskorti frá Landmælingum Íslands.

Mynd 2. Kort sem sýnir rannsóknarsvæðið í Odda 2021. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Mynd 3. Kort sem sýnir staðsetningu rannsóknarsvæða 1 og 4. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Mynd 4. Lilja Björk Pálsdóttir á svæði 1 við upphaf rannsókna 2021. Mikill hreyfing er á sendnum jarðveginum og stallar sem höfðu verið grafnir út frá mannvirkjunum sem eru til rannsóknar höfðu nánast horfið. Einnig hafði mikið hrunið úr torfveggjum hússins framan við hellinn.

Mynd 5. Afstöðumynd sem sýnir uppgraftarsvæði 1 í Hellisdölum. Í forgrunni eru tveir gríðarstórir fallnir hellar. Uppistandandi hellir og hús framan við hann tengdust hellinum sem er lengra til vinstri á myndinni.

Mynd 6. Kort sem sýnir helstu áfoks- og hrunlög á svæði 1.

Mynd 7. Uppgraftarsvæðið eftir að búið var að fjarlægja hrun eftir veturinn og komið þar sem frá var horfið við uppgrafarlok 2020. Ramminn sýnir torfhrun [125]. Horft til austurs.

Mynd 8. Sniðbálgur sem sýnir hrunlög [1323] og [1058] og afgerandi sandáfokslög [2087] og [2088] í gangi [2100].

Mynd 9. Vel varðveittur viður í lagi [1323] undir járnþönnu í gangi [2100] þar sem varðveisla lífrænna leifa var með besta móti.

Mynd 10. Gólflog í húsinu, stoðarholur- og steinar.

Mynd 11. Sandsteinshleðsla [2107] í hellismunna. Mælistikan er 1 m, horft til austurs.

Mynd 12. Gólfslag [1360] fyrir uppgröft. Þykkast upp við vegg og í kringum stoðarsteininn. Horft til austurs.

Mynd 13. Stoðarhola [1805] er ein af stærri og dýpri stoðarholunum enn sem komið er. Hún er grafin í gegnum forsöguleg áfokslög en allra neðst í henni hefur ferköntuð hola verið klöppuð í sandsteinsbergið.

Mynd 14. Ummerki um innréttingu upp við norðurvegg.

Mynd 15. Þversnið af stoðarholum [1824] og [1450].

Mynd 16. Stoðarholur [1824] og [1450]. Svört forsöguleg gjóska sést fyrir framan holurnar. Horft til vesturs.

Mynd 17. Teikningar af öðrum stoðarholum sem hafa verið rannsakaðar í húsi framan

við helli. Stóðarholurnar í húsinu virðast eiga fátt annað sameiginlegt en að tilheyra sömu byggingunni. Þær eru af ólíkum stærðum, dýpt og ummáli og engin sérstök regla er sýnileg.

Mynd 18. Torfbálgur [2102] er við austurenda suðurveggjar, framan við hellismunna. Horft til austurs.

Mynd 19. Þverskurðarteikning af torfhleðslu [118].

Mynd 20. Loftmynd sem sýnir afstöðu milli hellismunna og framhúss, niðurgröft rennu [224] og torfhleðslu [118]. Austur snýr upp.

Mynd 21. Á myndum sem teknar voru þegar forrannsókn fór fram árið 2018 má sjá fyrstu ummerki um rennu [224] og torfhleðslu [118]. Á vinstri ljósmynd er horft til austurs en til suðurs á hægri ljósmynd. Mælistikan sem er lárétt táknar einn metra.

Mynd 22. Loftmynd sem sýnir botn rennu [224] eftir að neðsta fyllingin [187] hafði verið grafin burt. Pálförin í botni eru greinileg.

Mynd 23. Renna [224], fyllingar og önnur jarðlög sem sjást í austursniði uppgraftarmarka.

Mynd 24. Loftmynd sem sýnir torfhleðslur [834] og [2108] sitt hvoru megin við hús framan við helli. ANA snýr upp.

Mynd 25. Uppfært kort af uppgraftarsvæðinu frá 2020 sem sýnir staðsetningu ruslalaga [2109] og [2110] auk torfhleðslu [118] og rennu [224].

Mynd 26. Horft til austurs inn að hellismunna. Sjá má sandsteinshleðslu neðst í norðurvegg undir vel varðveittri klömbruhleðslu.

Mynd 27. Ofarlega í sunnanverðum hellismunna má sjá greinileg höggför í bergið.

Mynd 28. Yfirborðslikan af minjum sem rannsakaðar voru við Kamphól árið 2021. Staðsetning könnunarskurðar er sýnd með rauðri línu og borkjarna með appelsínugulum punktum.

Mynd 29. Niðurstöður borkjarnarannsóknar í meinta seltóft við Kamphól áður en uppgröftur hófst.

Mynd 30. Skeifubrot (2021-40-21) sem fannst beint ofan á gjósku úr Heklu sem féll árið 1510.

Mynd 31. Flatarteikning af könnunarskurði í tóft við Kamphól við lok uppgrafar.

Mynd 32. Vestursnið könnunarskurðar í tóft við Kamphól.

Mynd 33. Dökkt gólflag [2085] er í miðjum skurði í tóft við Kamphól á milli suðurveggjar [2084] (lengst til vinstri) og norðurveggjar [2105] (lengst til hægri). Horft ofan í skurð til vesturs.

Mynd 34. *Samsett mynd af lykli (2021-40-20) sem fannst í húsi framan við hellismunna á svæði 1.*

Mynd 35. *Snældusníður (2021-40-25) úr klébergi.*

Mynd 36. *Grýtubrot (2021-40-27) úr klébergi.*

Mynd 37. *Frágangur á svæði 1 við lok uppgrafar.*

Mynd 38. *Frágangur á svæði 4 við lok uppgrafar.*

Mynd 39. *Kort sem sýnir staðsetningu bæja sem áttu kirkjusókn í Odda. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

Mynd 40. *Kort sem sýnir helstu áfangastaði í nágrenni Odda á Suðurlandi auk sóknarbæja. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

Mynd 41. *Kort sem sýnir tilgátur um eldri farvegi áнна í nágrenni Odda. Einnig má sjá þekkt vöð og ferjustaði. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

Mynd 42. *Viðarlest á leið úr Þórsmörk um 1940. Ljósmynd Bjarni Guðmundsson, úr bókinni Þórsmörk eftir Þórð Tómasson, bls. 180.*

Mynd 43. *Nýfundnið bæjarstæði í landi Oddhóls á móts við Bergvað á Eystri-Rangá. Rauðar brotalínur tákna götur. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

Mynd 44. *Loftmynd tekin til suðurs af hluta þeirra miðaldaminja í landi eyðibýlisins Bergvaðs sem var í eigu kirkjunnar í Odda á 13. öld. Í forgrunni er fallinn manngerður hellir innan torfhlaðins gerðis. Fjær eru umfangsmikil akurgerði. Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.*

Mynd 45. *Horft til norðurs yfir túnið í Odda. Fremst á mynd er Langekra og hellarnir á rannsóknarsvæði 1.*

ODDARANNSÓKNIN
FORNLEIFASKRÁ 2021
VIÐAUKI I



KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

Reykjavík 2022

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Forsíðumyndin sýnir leið RA-651:006 þar sem hún liggur í gegnum fornan garð sem tilheyrir eyðibýlinu Bergvaði RA-228. Eldri útgáfa af leiðinni (A) lá meðfram túninu á Bergvaði niður að vaði á Eystri-Rangá sem hét Bergvað RA-228:013 en yngri útgáfa af leiðinni (B) sést betur á myndinni og lá að vaði sem einnig hét Bergvað (yngra) RA-228:024. Ljósmyndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

©Fornleifastofnun Íslands 2022

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Samantekt.....	5
Summary.....	5
1. Inngangur.....	7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf.....	9
3. Aðferðir.....	11
4. Fornleifaskrá.....	13
RA-311 Oddi.....	13
RA-651 Fornl. á fl. en 1 jörð - Hvolhreppur.....	17
RA-661 Fornl. á fl. en 1 jörð - Rangárvallahreppur.....	19
5. Niðurstöður og samantekt.....	26
6. Heimildaskrá.....	30
Viðauki I - Hnitaskrá ISN93.....	31
Viðauki II - Minjakort.....	32

Samantekt

Sumarið 2021 var haldið áfram með vinnu við fornleifahluta Oddarannsóknarinnar sem styrkt er af sjóðnum Ritmenning íslenskra miðalda. Eitt af markmiðum rannsóknarársins var að auka við þekkingu á samgöngukerfinu í kringum Odda og liður í því var að skrá ferðaleiðir og samgönguminjar á svæðinu. Í þessari skýrslu er fjallað um þær leiðir sem skráðar voru en við vettvangsvinnu fundust óvænt leifar af býli á vesturbakka Eystri-Rangár sem virðist vera frá víkingaöld af útilitinu að dæma. Alls voru skráðar 10 leiðir og fimm tóftir sem tilheyra býlinu.

Efnisorð: Oddarannsóknin, Oddi á Rangárvöllum, Ritmenning íslenskra miðalda, fornleifaskráning, höfðingjasetur, fornar leiðir

Summary


In the summer of 2021 work was continued for the ongoing archaeological research which forms part of the Oddi project (Oddarannsóknin) and is funded by the Literary Culture in Medieval Iceland Fund (Ritmenning íslenskra miðalda). One of the goals for the field season was to continue to research and map the system of communication in the area around Oddi, a regional power center in South Iceland. This report presents the findings from a survey focused on old routes. A total of 10 routes were surveyed in addition to five ruins that belong to a presumed Viking Age farm within the Oddi estate.

Keywords: Oddi project, Oddi in Rangárvellir, South Iceland, Literary Culture in Medieval Iceland, archaeological survey, high status farm, routes

1. Inngangur

Oddarannsóknin er viðamikil, fjölfagleg rannsókn á vegum Oddafélagsins. Rannsóknin hófst árið 2020 og er styrkt af sjóðnum Ritmenning íslenskra miðalda. Markmið hennar er að varpa ljósi á ritmenningu í Odda á miðöldum með áherslu á tímabilið 1100-1300 og skiptist verkefnið upp í þrjá hluta; fornleifarannsóknir, rannsókn á umhverfi og mannvist og rannsóknir á sviði bókmennta og sagnfræði sem snúa að miðstöðinni Odda.

Hluti af markmiðum fornleifarannsóknna í Oddarannsókninni fyrir sumarið 2021 var að halda áfram vinnu við að kortleggja samgöngukerfið í kringum Odda með tilliti til landshátta og breytinga á þeim. Ferðaleiðir á svæðinu voru bæði skráðar á vettvangi og af loftmyndum. Var unnið með fjölbreytt gögn við skráninguna s.s. eldri skráningargögn Fornleifastofnunar af svæðinu, gömul kort af svæðinu, nýlegar loftmyndir frá Loftmyndum ehf. og loftmynd af Odda og nágrenni frá miðri síðustu öld. Auk ferðaleiða var skráð áður óþekkt bæjarstæði sem virðist geta verið frá víkingaöld af útliti tóftanna að dæma. Meint býli er í landi Oddhóls sem áður tilheyrði óskiptum úthaga Odda, á vesturbakka Eystri-Rangár, móts við eyðibýlið Bergvað.



Kort sem sýnir rannsóknarsvæðið 2021 og helstu vatnsföll innan þess. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Innfellit Íslandskort: Landmælingar Íslands.

Kristborg Þórsdóttir vann við skráningu ferðaleiða á vettvangi og sá um úrvinnslu, skýrsluskrif og kortagerð. Farið var á vettvang seint í ágúst og leiðir skráðar í landi Odda og Oddhóls en einnig í landi Varmadals, Móeiðarhvals og Bergvaðs. Margar af þessum leiðum

liggja áfram í gegnum land fleiri jarða sem ekki verða taldar upp hér.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir köflum um sögu fornleifaskráningar og aðferðir kemur fornleifaskrá með uppmælingum og ljósmyndum. Á eftir fornleifaskrá fylgir kafli þar sem helstu niðurstöður eru dregnar saman. Aftast í skýrslunni eru minjakort og hnitaskrá.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

- f.** þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g.** áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h.** haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i.** skipsflök eða hlutar þeirra.


Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Umhverfis allar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði en umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 m friðhelgað svæði.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (NM, RA o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala en það er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-084:001). Séu fleiri en ein fornleif á hverjum minjastað bætist við eininganúmer aftast í númeraröðinni (dæmi: RA-084:001 01). Í eldri skráningu Fornleifastofnunar voru allar fornleifar sem tilheyra minjastað skráðar undir eitt númer en síðastliðin ár hefur þróunin verið í þá átt að skrá hverja staka fornleif undir sérstöku númeri og fá þær þannig meira vægi og ítarlegri umfjöllun. Þar sem eldri skráning var endurskoðuð í Odda hefur því hverri fornleif verið gefið sitt sérstaka númer sem þó tengir hana enn við minjastaðinn sem hún tilheyrir.



Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skaftártunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar.

Töftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártunguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð töftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innannáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hölf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innannáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfir virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfid norðvestan við hana. Nokkur hölmýndun er undir norðvesturhluta töftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Hætta sem stöðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í nánari fiersla í heimildaskrá

Dæmi um framsetningu upplýsinga um fornleifar í skýrslum Fornleifastofnunar.

Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari, búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð.

Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Allar uppmælingar voru gerðar með Trimble Geoexplorer 6000 og er möguleg skekkja mælinganna innan við 1 metri, allt niður í nokkra sentimetra. Í aðalskráningunni sem gerð var 2009 var notast við lítil GPS tæki til þess að taka staðsetningarpunkta og var skekkjan á þeim mælingum víðast 3-5 m. Eldri hnitin eru í vörpuninni WGS84 og eru ekki birt í fornleifaskránni.

Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra frávikum.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.


Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Í síðustu línu er svo getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Fornleifaskrá

RA-311 Oddi

RA-311:086 01 tóft útihús


433607 363197



Yfirlitskort sem sýnir minjar á áður óþekktu bæjarstæði á vesturbakka Eystri-Rangá. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Fornlegar tóftir af býli eru í víðum hvammi niður við Eystri-Rangá við Bergvað RA-228:013. Minjarnar eru á milli tveggja kletta við ána og er rof í bakkanum á milli þeirra. Allar eru tóftirnar fornlegar og bendir útlit þeirra helst til þess að þær séu frá víkingaöld eða snemma á miðöldum. Þær eru á svæði sem er 95x50 m stórt og snýr NNA-SSV. Innan þess eru fimm tóftir, misjafnlega greinilegar. Eftir endilöngu svæðinu liggja götur sem hafa raskað tóft 03 talsvert og

aflagað hana. Ekki er ljóst hvort um ferðaleið er að ræða eða aðeins götur eftir skepnur. Minjarnar eru í smábýfðum, grösugum móa sem nýttur er sem beitarhólf fyrir hross.



Tóft 086_01, horft til suðvesturs á ljósmynd.


Lýsingin hefst syðst, á afgangri tóft 01. Ekki er útilokað að um býlistóft sé að ræða en þar sem tóft 03 virðist stærri og völdugri er talið líklegra að hún sé býlistóftin. Tóft 01 er nokkuð skálalaga, 24x9,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Ekki sést skýrt op á henni en líklegra er að það sé í NNA-enda en í SSV-enda. VNV-langhlið er byggð utan í lágan hól sem virðist náttúrulegur. Innanmál tóftarinnar er nokkuð skýrt þó að tóftin sé mjög sigin og veggir 0,2-0,3 m á hæð utanmáls. Þeir eru hlaupnir í þúfur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-311:086 02 tóft útihús

433616 363234

Tóft 02 er á miðju minjasvæðinu, 15 m NNV við tóft 01 og aðeins 4 m suðvestan við meinta býlistóft 03. Tóftin er sporöskjulaga og stendur hærra en aðrar tóftir á svæðinu. Yngri minjar kunna að vera ofan á eldri minjum á þessum stað sem gæti skýrt upphleðsluna. Tóftin er 18x12



Tóft 086_02, horft til VNV á ljósmynd.


m stór og snýr NNA-SSV. Hún er hæst í SSV-enda þar sem hún er 1 m á hæð og lækkar til NNA þar sem hún er 0,2-0,3 m há. Líklega er op á tóftinni í NNA-enda og sést óljóst innanmál hólf í þeim hluta tóftar sem er 7,5x1,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-311:086 03 tóft bústaður

433636 363256

Tóft 03 er stærsta tóftin á svæðinu. Hún er 23,5 m löng (ANA-VSV) og 13 m breið í ANA-enda. Þó er hún litlu breiðari í VSV-enda (14,5 m) þar sem lítið hólf virðist ganga til suðurs út frá SSV-horninu. Landbrot við árbakkann hefur raskað ANA-enda tóftar þar sem brotnað hefur af henni og nokkur fjöldi gatna liggur yfir hana og hefur aflagað hana talsvert. Meginhluti tóftarinnar virðist skiptast í tvö rými og er það rými sem er í innri og vestari hlutanum dýpra en það sem er frammar og austar. Skilin milli þessara rýma eru ógreinileg vegna gatnanna sem liggja þvert yfir tóftina. Lítið hólf í SSV-horni er 2x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur en ytri brún veggja í því sést nánast ekki. Veggir tóftarinnar eru 0,2-0,4 m á hæð og eru hæstir í ANA-hluta.



Meint bæjartóft 086_03, horft til NNV á ljósmynd.


Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

RA-311:086 04 tóft útihús

433621 363197

Afar óljós tóft 04 fast austan við tóft 01 í aflíðandi halla til vesturs. Rof er austan við tóftina vegna ungs torfhláðins garðs (hefur ekki verið skráður og er líklega of ungur til að teljast til fornminja). Tóftin er 11,5x9,5 m stór og snýr VNV-ASA. Líklega hefur verið op í VNV-enda þó að það sjáist ekki og er sá endi tóftarinnar lítillaga aflagaður vegna gatna sem liggja eftir endilöngu minjasvæðinu og áður hafa verið nefndar. Innri brún veggja er óljós en ytri brúnninn enn óljósari. Veggir eru 0,1-0,2 m á hæð.

Hættumat: engin hætta




Óljós tóft 086_04, horft til austurs á ljósmynd.

RA-311:086 05 tóft fjós

433613 363269

Tóft 05 er nyrst á minjasvæðinu, í aflíðandi halla til suðausturs. Er hún fast ofan og norðvestan við tóft 03. Þessi tóft er hvað fornlegust af þeim sem eru á svæðinu og eru veggir hennar útflattir, 0,2 m á hæð, en innanmálið er nokkuð skýrt. Slóði liggur yfir norðvesturenda tóftarinnar og er hún óskýrust þar. Op hefur verið á tóftinni í suðausturenda. Hún er 27 m löng (norðvestur-suðaustur) og 9,5 m breið víðast hvar en tóftin er nokkuð skálalaga líkt og tóft 01. Norðvestan



Meint fjóstóft 086_05, horft til VNV á ljósmynd.

við miðjan suðvesturlangvegg er mjög óljóst hól sem virðist geta verið heygarður. Að honum meðtöldum er tóftin 16 m breið. Er heygarðurinn 6x2,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Ekki er ljóst hvort að fleiri en eitt hól hafi verið í megintóftinni vegna rasks í norðvesturenda. Það að tóftin er í halla og að við hana er mögulega heygarður bendir sterklega til þess að hér sé um fjóstóft að ræða.

Hættumat: engin hætta

RA-651 Fornl. á fl en 1 jörð - Hvolhreppur

RA-651:006 Prestsgötur gata leið

438667 361997

“Prestsgötur liggja frá Fögrubrekkuvaði [RA-275:019], norðan Bergvaðstúns, yfir Ölduna í Kúavöðum [RA-229:058], og um syðri Öldubakkann að Brattavaði [RA-229:054]. Þar ríður Oddaprestur, er hann fer til messugerðar á annexú sína að Stórólshvoli [RA-255],” segir í örnefnalýsingu Móeiðarhvals. Leið þessi tengist að öllum líkindum leið RA-661:044 í Rangárvallahreppi þar sem leiðin liggur um land Odda RA-311. Farið hefur verið yfir Eystri-Rangá á Fögrubrekkuvaði en áður fyrr var að öllum líkindum farið yfir ána á Bergvaði RA-228:013. Á herforingjaráðskorti 48NA frá 1908 er sýnd leið sem lá milli Stórólshvals og Móeiðarhvals. Er það að hluta súa leið sem hér er skráð en að hluta Brattavaðsgötur RA-229:053 sem lágu frá Öldunni til suðvesturs að Móeiðarhvoli. Á milli Odda og Stórólshvals eru um 9 km.



Horft til norðvesturs yfir hluta af minjum sem tilheyra eyðibýlinu Bergvaði RA-228. Götur á leið 006 sjást vel lengst til vinstri á myndinni. Eldri útgáfa af leiðinni (A) lá meðfram túninu á Bergvaði (sjá afgirt svæði með grænum grasgróðri) en yngri útgáfa (B) hélt beint áfram, að sveig á Eystri-Rangá.

Leiðin liggur um flatlendi, lengst af á suðurbakka Móeiðarhvalsöldu þar sem er smápýfður mói. Eftir því sem nær dregur Stórólshvoli verður er leiðin röskuð vegna jarðræktar og uppbyggingar á Hvolsvelli og sést hún því ekki glöggt annarsstaðar en í landi Móeiðarhvals og eyðibýlisins Bergvaðs.

Miklar götur liggja meðfram sunnanverðri Öldunni og sjást bæði eldri götur (A) næst Öldunni, og yngri götur (B) sem eru aðeins sunnar og fjær henni. Eldri göturnar eru óskýrar og slitróttar, m.a. vegna þess að það hefur brotnað af suðurbakka Öldunnar. Eldri göturnar verða nokkuð skýrar austan við Kúavöð og liggja þær sumpart í skorningi sem hefur grafist niður. Þegar komið er austur fyrir Kúavöð og upp á flatlendið sem hefur tilheyrt Bergvaði er eldri leiðin mjög skýr og



Niðurgrafin leið 006A og reiðgötur 006B hægra megin við þær, horft til norðvesturs.

sést sem alldjúpur skorningur eða renna. Hún er 1-2 m á breidd og 0,5-1 m á dýpt þar sem hún er mest afgerandi. Hægt er að fylgja þessari rennu meðfram norðaustanverðu túni Bergvaðs niður að samnefndu vaði RA-228:013 á Eystri-Rangá. Yngri leiðin liggur samsíða þeirri eldri. Þar sem göturnar á yngri leiðinni sjást best á loftmynd (við austurmerki Móeiðarhvals) eru þær á um 40 m breiðu svæði. Göturnar voru skoðaðar á vettvangi nokkru vestar, þar sem þær fara ofan í Ölduna á Kúavöðum. Austan við vaðið eru 15-20 götur sýnilegar á

15 m breiðu svæði. Yngri leiðin liggur svo um rofskörð ofan í Ölduna. Á flatlendinu sem tilheyrir hefur Bergvaði sjást götur á yngri leiðinni meðfram þeirri eldri. Þar eru 10-15 götur samsíða á 10-15 m breiðu svæði. Yngri göturnar sameinast þeim eldri austan við túnið á Bergvaði og stefna svo að yngra Bergvaði RA-228: til norðvesturs. Bíslóði er á þessum hluta leiðarinnar auk reiðgatna á 10 m breiðu svæði. Göturnar eru grónar en skýrar, 0,1-0,2 m á breidd og dýpt.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Móeiðarhvoll, 11; Herforingjaráðskort 48 NA Oddi-Þríhyrningur

RA-661 Fornl. á fl en 1 jörð - Rangárvallahreppur

RA-661:046 gata leið

434290 367442

Nokkrar götur sjást saman norðan við afleggjara að Odda RA-311, suðvestan við Þjóðveg 1. Leiðin var skoðuð í landi Odda en hefur líklega legið á milli Varmadals og Lambhaga.



Götur á leið 046 á leið milli Varmadals og Lambhaga, horft til norðurs.

Göturnar liggja um smápýfðan og flatlendan móa sem vaxinn er mosa, lyngi og kjarri. Svæðið virðist hafa blásið upp en gróið aftur.

Göturnar voru raktar á stuttum kafla á vettvangi en hægt er að rekja þær af loftmynd á um 415 m löngum kafla þar sem þær stefna NNV-SSA. Sjá má 8-10 götur saman á 6-8 m breiðu svæði. Göturnar eru nokkuð vel greinilegar en grónar og eru 0,1-0,2 m á breidd og dýpt. Á milli Lambhaga og Varmadals eru rúmir 4 km í beinni loftlínu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Loftmyndir ehf. (www.map.is)

RA-661:047 gata leið

433587 363157

Niðurgrafin leið sést á vesturbakka Eystri-Rangár í landi Oddhóls RA-274. Hún er fast austan



Niðurgrafin gata á leið 047 nærri vesturbakka Eystri-Rangár, horft til SSA.

við nýlegt íbúðarhús sem heitir Hrafshóll. Leiðin virðist liggja til norðurs frá Klaufarvaði RA-311:062. Hægt er að rekja stutta kafla leiðarinnar áfram af loftmynd á vesturbakkanum, vestan við Slægjunes í landi Bergvaðs RA-228 og á gamalli loftmynd frá 1954 virðist þessi leið hafa legið eftir vestanverðu Tíðholti með stefnu til norðurs. Hefur leiðin legið frá Móeiðarhvoli til norðurs.

Þar sem leiðin var skoðuð og skráð á

vettvangi liggur hún um þýfðan móa í halla niður að ánni.

Rennan er 145 m löng og liggur norður-suður, er 0,5-1 m á breidd neðst og víkkar upp og út. Rennan er víða 0,5 m á djúp en í mesta hallanum er hún talsvert dýpri eða 1 m. Vestan við hana má einnig sjá talsverðan fjölda gatna sem hafa sömu stefnu. Ofan og norðan við niðurgrafna hluta leiðarinnar eru slétt tún og er hún horfin þar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Loftmynd af Odda (LI207-LI2-1016); Loftmyndir ehf. (www.map.is)

RA-661:048 gata leið

433822 367220

Leið lá á milli Selalækjar RA-310 og Efri-Strandar RA-276:002 en líklega einnig Syðri-Strandar RA-276:001. Leiðin er sýnd í tveimur hlutum á Herforingjaráðskorti frá 1908, annars vegar sem leið frá Selalæk að leið 036 milli Odda og Varmalækjar og hins vegar sem óviss leið um uppblásið svæði. Leiðin var skoðuð á vettvangi á stuttum kafla þar sem hún liggur yfir leið 049 norðvestan við heimreið að Odda RA-311.



Götur á leið 048 milli Selalækjar og Strandarbæja, horft til vesturs.

Leiðin liggur um smáþýfðan móa sem vaxinn er mosa og lyngi en einnig er þar stöku trjárinni. Svo virðist sem að svæðið sem leiðin liggur yfir hafi blásið upp en gróið aftur.

Þar sem leiðin var skoðuð sjást 12-14 götur saman á um 8 m breiðu svæði. Göturnar eru vel skýrar en grónar, eru 0,1-0,2 m á breidd og dýpt. Á milli Selalækjar og Strandarbæja eru um 4,5 km og var leiðinni fylgt á stuttum kafla á vettvangi en hún var rakin á loftmynd á um 1,6 km kafla frá heimreið að Odda til VNV og svo

má aftur greina leiðina óljóst á 360 m kafla á grónu svæði nærri bænum á Selalæk.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Herforingjaráðskort 48 NA Oddi-Þríhyrningur

RA-661:049 *Varmadalsgrafir* gata leið

434061 367362

Eftirfarandi saga er í Munnmælasögum 17. aldar og segir frá skógarleið milli Odda RA-311 og Landskógar: “Skipaði Sæmundur þeim anda er hann sér til þénustu hafði undirgefinn, að höggva upp skóg á Landskógi og hann síðan upphöggvinn heim til Odda að færa, hvað hann og gjörði.

En í þeim hans heimflutningi lá beinsti leið til Odda þar sem heitir Varmadalur. Eru í þeim dal ennú merki til, sem á þeim flutningi skyldu orðið hafa, sem eru grafir eða lautir í jörðina, þar hann viðin skyldi um dregið hafa og orsakast hefði af ofurþunga skógarins byrða, og nú nafnkenndar Varmadalsgrafir. Þau merki sönn og sjáanleg allt til þessa dags.” Þjóðsaga um Skollagróf 009 á rætur sínar í sömu sögn og birt er hér að framan. Hún var skráð þegar aðalskráning í Rangárvallahreppi fór fram árið 2009. Hefur þjóðsagan verið tengd við náttúrulegan farveg



Yfirlitskort sem sýnir hvar leið 049 lá frá Odda, á milli Kirkjulækjar og Varmadals og að Hróarslæk. Niðri í hægra horni er nærmynd af götunum. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

í landi Varmadals sem heitir Skollagróf. Í mólendi á milli Kirkjubæjar RA-277 og Varmadals RA-309 eru hins vegar umfangsmiklar og djúpar götur sem ætla má að séu skógargötur og hafi myndast við lestaferðir hesta með viðardrögur. Hægt er að rekja þessar götur frá Odda RA-311 og að Hróarslæk sunnan við Gunnarsholt RA-303. Hluti leiðarinnar var skráður á vettvangi sumarið 2021 í tengslum við Oddarannsóknina en stærstur hluti leiðarinnar var rakinn á loftmyndum frá Loftmyndum ehf. Alls er hægt að fylgja leiðinni á um 10 km löngum kafla en hún hefur verið mun lengri því ríflega 32 km eru frá Odda í skógarítak jarðarinnar í Oddagljúfri í landi Næfurholts og 37 km eru frá Odda í Landskóg sem nefndur er í munnmælasögunni hér að framan. Frá Hróarslæk til norðurs og norðausturs eru umfangsmikil uppblásturssvæði og af þeim sökum er ekki hægt að rekja göturnar áfram á þeim hluta leiðarinnar.

Þar sem leiðin var skráð eru gróinn, smápýfður og flatlendur mói í landi Varmadals og Kirkjulækjar en þegar kemur suðvestur að Móttöku- og flokkunarstöðinni Strönd sem er nærri þjóðvegi 1 tekur við uppblásið landsvæði langleiðina að túninu í Odda. Neðan þjóðvegjar hefur þetta uppblásna svæði gróið aftur að miklu leyti eða verið grætt upp.

Lýsingin á leiðinni hefst suðvestast, neðan við þjóðveg 1 og norðvestan við heimreið að Odda en á þeim kafla liggur leiðin samsíða og norðvestan við heimreiðina. Á loftmynd af þessum kafla sést dökk rönd í mosagrónu landinu sem gaf til kynna að þarna væri niðurgrafin renna en við vettvangsrannsókn kom í ljós að þessu er öfugt farið því að dökka röndin er í raun



Á suðvestasta hluta leiðar 049 sést aðeins gróinn hryggur á svæði sem hefur blásið upp og gróið aftur.

jarðvegshryggur á flatlendi þar sem uppblástur hefur geisað en svæðið hefur svo aftur gróið mosa, lyngi, grasi og stöku runna. Ekki er fyllilega ljóst hvernig jarðvegshryggurinn hefur myndast en ef til vill hefur jarðvegur safnast í rennuna sem ætla má að þarna hafi verið og að þannig hafi myndast lágur hryggur sem uppblásturinn hefur ekki náð að afmá. Hryggurinn er mjög misbreiður, 5-10 m þar sem hann var skoðaður á vettvangi. Eftir honum sést ein gata á stuttum kafla sem er líklega fjárgata frá seinni tíma

frekar en ferðaleið. Götur á leiðum 046 og 048 liggja yfir hrygginn. Næsti hluti leiðarinnar sem enn sést er fast norðaustan við lóð Móttöku- og flokkunarstöðvarinnar Strandar. Þar sést djúpur skorningur sem er illa farinn af jarðvegseyðingu suðvestast en verður skýrari og grónari eftir því sem lengra dregur til norðausturs. Um 600 m norðaustan við flokkunarstöðina greinist leiðin í tvær afgerandi leiðir og fær hvor þeirra bókstaf til aðgreiningar því þær virðast sameinast aftur við Hróarslæk. Leið A er suðastan við leið B og er hún dýpri og meira afgerandi en hin leiðin. Hún liggur samsíða leið B á um 0,5 km löngum kafla til norðausturs en beygir svo nokkuð afgerandi til ANA í átt að Kirkjulæk á 1,5 km löngum kafla og beygir svo aftur mjög ákveðið upp til norðausturs og virðist liggja á leið B þar sem hún liggur meðfram Hróarslæk. Leiðin sést sem djúpur og gróinn skorningur sem er 0,5-1 m breið í botninn og víkkar út upp á við. Hún er víða 0,7-1 m á dýpt en dýpst var



Niðurgrafin leið 049A á merkjum milli Varmadals og Kirkjulækjar.

hún 1,5 m þar sem hún var skoðuð á vettvangi. Fyrst eftir að leið B greinist frá leið A sjást tvær afgerandi, samsíða rennur á 400 m löngum kafla og á milli þeirra eru 10 m. Þær eru báðar mun grynri og ógreinilegri en leið A, víða 0,3-0,6 m breiðar og 0,3-0,5 m djúpar. Austari rennan er þýfð og vex talsverður runnagróður í henni en vestari rennan er dýpri og minni gróður er í henni. Á loftmynd sjást tvær samsíða rennur víðar á þessari leið. Allmiklar reiðgötur 054 liggja að þessum götum úr suðri og SSA og eru á milli leiða A og B en virðast samlagast leið B þar sem leið A beygir til ANA í átt að Kirkjulæk.



Niðurgrafinar götur á leið 049B í mólendi á milli Varmadals og Kirkjulækjar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Munnmælasögur 17. aldar, 41

RA-661:050 gata leið 432609 366609

“Þá voru götur [frá Selalæk [RA-310]] að Lambhaga [RA-275] og út að Ægissíðu [RA-419] [008] yfir lækinn,” segir í athugasemdum við örnefnalýsingu Selalækjar. Leiðin milli Selalækjar og Lambhaga er sýnd á herföngjaráðskorti 48 NA og NV frá 1908 og sjást götur á leiðinni á loftmynd Loftmynda ehf. 2021. Á milli bæjanna eru um 4,5 km í beinni loftlínu. Leið þessi var upphaflega skráð á númer 019 þegar aðalskráning var unnin á svæðinu (2009).

Leiðin liggur yfir uppblásið svæði sem er að gróa aftur og er komin mosabekja yfir það.

Leiðin var skráð af loftmynd en göturnar sjást vel á henni á 900 m löngum kafla, nokkurn veginn miðja vegu milli bæjanna, þar sem þær liggja norðvestur-suðaustur. Ekki er hægt að greina fjölda gatna en þær greinilegustu eru á svæði sem er um 5 m breitt. Til suðausturs hætta göturnar að sjást við heimreið að Odda RA-311 og hinum megin við hana eru ræktuð tún. Til norðvesturs hætta göturnar að sjást við grunnan lækjarfarveg og hinum megin við hann er slétt tún.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Selalækur, aths., 2; Herföngjaráðskort 48 NA Oddi-Þríhyrningur; Herföngjaráðskort 48 NV Oddi-Þykkvibær; Loftmyndir ehf. (www.map.is)

RA-661:051 Móeiðarhvolsgötur gata leið 432198 365743

“Oddagötur [003] lágu að Odda [RA-311], Móeiðarhvolsgötur að Móeiðarhvoli [RA-229], Varmadalsgötur [002] að Varmadal [RA-307],” segir í athugasemdum við örnefnalýsingu

Selalækjar. Leiðin Móeiðarhvolsgötur er sýnd á Herforingjaráðskorti 48 NV frá 1908. Á milli Selalækjar og Móeiðarhvolts eru tæpir 6 km í beinni loftlínu. Leið þessi var ekki skráð á vettvangi en á loftmyndum sjást greinilegar götur á leiðinni á þremur löngum köflum sem eru samanlagt ríflega 1 km á lengd. Á aðalskráningarstigi var leiðin skráð undir númer 037 (2009) en sú skráning var endurskoðuð 2021 og kom þá í ljós að götur á leið 037 lágu ekki að Móeiðarhvoli. Leiðin liggur um flatlendan og að mestu þurran móa, Nyrsti hluti leiðarinnar er horfinn vegna uppblásturs og annars rasks en sunnar eru götur á leiðinni víða horfnar í deiglendi eða mýrar og allra syðst, næst Eystri-Rangá, eru þær komnar í tún í kringum yngra bæjarstæði Oddhóls RA-274.

Þar sem hægt er að greina götur af loftmynd eru þær margar saman á 15-20 m breiðu svæði en á syðsta hluta leiðarinnar í landi Oddhóls eru göturnar á um 40 m breiðu svæði. Þær voru raktar af loftmynd frá Loftmyndum ehf. frá 2021 en einnig á loftmynd frá Landmælingum Íslands frá 1954.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Selalækur, aths., 2; Herforingjaráðskort 48 NV Oddi-Þykkvibær; Loftmynd af Odda (LI207-LI2-1016); Loftmyndir ehf. (www.map.is)

RA-661:052 heimild um leið 430474 365491

Á loftmynd frá 1954 sem sýnir Odda og nágrenni sést leið sem lá frá Odda að Oddaflóðum til norðvesturs. Leiðin virðist vera rudd bíslóð en ekki sjást reiðgötur á þessari gömlu mynd. Leiðin er ekki sýnd á Herforingjaráðskorti 48 NA frá 1908. Hún var ekki skoðuð á vettvangi heldur skráð af loftmyndum. Af þeim er hægt að rekja leiðina á 1,9 km kafla.

Svæðið sem leiðin lá yfir er flatlent og að mestu gróið en víða sjást ummerki um uppblástur sem hafa gróið aftur.

Af nýlegum loftmyndum Loftmynda ehf. sést óljós slóði á þessari leið. Af honum liggur stutt leið að beitarhúsum RA-311:042 frá Vindási RA-313. Ekki er víst að þessi leið sé mjög gömul en hún hefur legið á leið 001 og ef til vill haldið áfram til norðvesturs, yfir Oddaflóðin, að Ytri-Rangá.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Loftmynd af Odda (LI207-LI2-1016); Loftmyndir ehf. (www.map.is)

RA-661:053 gata leið 429807 365110

Leið er sýnd á Herforingjaráðskorti 48 NA frá 1908 sem liggur frá Odda RA-311 á leið 001 við Kamphóla. Er þessi leið á svipuðum slóðum og malarvegur að nýbýlinu Sólvöllum (1930). Lengd hennar á kortinu er 2,6 km.

Leiðin lá um flatlent svæði sem er víða illa farið af uppblæstri en inn á milli þurra rima eru deiglendir blettir.

Leiðin var ekki skoðuð á vettvangi og sést mjög slitrótt og illa á loftmyndum af svæðinu á um 1 km löngum kafla þar sem hún liggur suðaustur-norðvestur. Ætla má að hún hafi raskast að miklu leyti þegar vegur var lagður að Sólvöllum.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Herforingjaráðskort 48 NA Oddi-Þríhyrningur

RA-661:054 gata leið

436040 368899

Allmiklar reiðgötur liggja á milli afgerandi niðurgrafinna skógargatna 049A og 049B í mólendi milli Varmadals RA-309 og Kirkjulækjar RA-277. Leiðin var skráð af loftmynd.

Móinn sem leiðin liggur um er flatlendur og smáþýfður.


Göturnar liggja til norðurs frá uppblásturssvæði austan við Móttöku- og flokkunarstöð Strandar sem er norðan við Þjóðveg 1. Annars vegar eru mjög greinilegar götur sem liggja úr suðri að leið 049 en minna greinilegar götur liggja að sömu leið úr SSA. Þær halda svo sameinaðar áfram til norðausturs og er mikill fjöldi gatna á milli niðurgrafinna skógargatna 049A og B en á milli þeirra eru 60 m þar sem bilið er breiðast. Reiðgötur sjást á nánast öllu því svæði en í heildina er hægt að greina götur á leiðinni á 1,6 km löngum kafla. Líklega halda þær áfram meðfram leið 049B til norðausturs en verða ógreinilegar þar svo að ekki var hægt að fylgja þeim lengra með vissu af loftmyndinni. Ekki er ljóst á hvaða leið þessar götur eru og er hún ekki sýnd á Herforingjaráðskortum af svæðinu frá 1908.

Heimildir: Loftmyndir ehf. (www.map.is)

5. Niðurstöður og samantekt

Sumarið 2021 voru skráðar 10 leiðir sem liggja yfir fleiri en eina jörð í nágrenni Odda en að auki var skráð áður óþekkt bæjarstæði og því tilheyra fimm tóftir sem hægt var að greina á yfirborði. Alls voru því skráðar 15 fornleifar. Við kortlagningu ferðaleiðanna var sjónum einkum beint að svæðinu norðan við Odda, þar sem landeyðing af völdum uppblásturs hefur verið mikil í gegnum tíðina. Einnig voru leiðir skráðar norðvestan við bæinn þar sem áhrifa uppblásturs gætir einnig á köflum. Það voru því aðallega skráðar leiðir innan gamla Rangárvallahrepps en einnig var ein leið skráð í gamla Hvolhreppi austan við núverandi sveitarfélagsmörk um Eystri-Rangá.

Helmingur þeirra leiða sem skráður var er sýndur að hluta eða öllu leyti inni á Herforingjaráðskortum sem gefin voru út árið 1908. Ein þeirra er leið RA-651:006 sem nefnist Prestsgötur. Hún lá frá Stórólshvoli í Hvolhreppi að Bergvaði RA-228:013 á Eystri-Rangá og sameinaðist leið RA-661:044 í gamla Rangárvallahreppi sem lá áfram að Odda. Á Herforingjaráðskortinu er leiðin hins vegar sýnd liggja að Móeiðarhvoli í stað þess að halda áfram að Odda. Leiðin liggur meðfram sunnanverðri Móeiðarhvolsöldu og er bæði hægt að sjá eldri götur sem eru nokkuð niðurgrafnar og yngri götur sunnan við þær sem eru margar



Hlutar af Herforingjaráðskortum 48 sem sýna fjölförnustu leiðir um heimaland Odda og nágrenni í upphafi 20. aldar. Númer þeirra leiða á kortinu sem skráðar voru sumarið 2021 hafa verið merktar inn á það. Á sambærilegu korti sem er í Viðauka I í áfangakýrslu Oddarannsóknarinnar FS830-2020I eru Móeiðarhvolsgötur með númerið RA-661:037. Rannsóknir sumarið 2021 leiddu í ljós að götur á þeirri leið voru ekki Móeiðarhvolsgötur.

saman. Liggur eldri útgáfa leiðarinnar meðfram norðanverðu túni eyðibýlisins Bergvaðs að samnefndu vaði á Eystri-Rangá. Yngri útgáfa leiðarinnar stefnir hins vegar á yngra Bergvað og Fögrubrekkuvað sem eru lengra upp með ánni. Nafnið Prestsgötur tengist því að leiðin var farin af Oddapresti að Stórólfshevoli eftir að Stórólfshevolssókn var lögð undir Oddasókn árið 1880 (1879).¹ Þessi leið milli Odda og Stórólfshevals var greiðfær og fjölfarin og hefur verið gott vað á ánni þar sem heitir Bergvað. Er það eini staðurinn við ána á mjög löngum kafla þar sem hefur verið berggrunnur í árfarveginum. Annarsstaðar er árbotninn sendinn og því erfiðari yfirferðar. Vaðið hefur spillt á seinni öldum eða verið fært af öðrum ástæðum.

Leið RA-661:053 er sýnd á Herforingjaráðskorti og lá frá Odda til VNV á leið RA-661:001 sem lá frá Kamphóli við mörk Þverár og Ytri-Rangár til norðausturs eftir þurrlandi meðfram vestanverðum Oddaflóðum. Leið RA-661:052 hafði svipaða stefnu en var litlu norðar. Hún er ekki sýnd á fyrrnefndu korti og virðist ekki gömul því á loftmyndum sjást aðeins ummerki um ruddan slóða en ekki reiðgötur. Aðrar götur sem skráðar voru lágu á milli bæja og voru hluti af stærra samgöngukerfi. Leiðir RA-661:046, 050 og 051 lágu milli Selalækjar annars vegar og Strandabæja, Lambhaga og Móeiðarhvals hins vegar. Leið RA-661:048 lá á milli Varmadals og Lambhaga. Fast vestan við nýfunduð bæjarstæði RA-311:086 við Eystri-Rangá er leið RA-661:047 sem liggur upp frá Klaufarvaði á ánni og stefnir til norðurs. Hún hefur legið frá Móeiðarhevoli til norðurs en ekki er ljóst hvaða leiðum hún tengdist eða hvert hún lá.



Viðarlest á leið úr Þórsmörk um 1940. Ljósmynd Bjarni Guðmundsson, úr bókinni Þórsmörk eftir Þórð Tómasson, bls. 180.

Enn er ótalin ein áhugaverðasta leiðin sem skráð var sumarið 2021 en það er niðurgrafin skógargata RA-661:049 sem legið hefur frá Odda til norðausturs, inn til landsins. Í

¹ Björk Ingimundardóttir 2019, bls. 287.

Munnmælasögum 17. aldar er talað um Varmadalsgrafir sem enn sjáist til frá því að Sæmundur fróði lét „anda er hann sér til þénustu hafði undirgefinn“ flytja skóg heim til Odda úr Landskógi.² Í mólendi á milli Varmadals og Kirkjulækjar sjást djúpir skorningar sem virðast hafa myndast við lestarferðir hesta með viðardrögur. Ekki er ljóst hvort leiðin lá upp í Landskóg eða í önnur skógarítök sem Oddi átti inn til landsins. Leiðin var skráð að hluta á vettvangi en stærstur hluti hennar var rakinn af loftmyndum. Hún sést á um 10 km löngum kafla en er horfin á löngum köflum vegna uppblásturs. Leiðin greinist í tvær aðskildar leiðir sem sameinast aftur við Hróarslæk. Reiðgötur á leið RA-661:054 eru á milli þeirra á kafla en ekki er ljóst hvert þær lágu.

Við leiðaskráningu á vettvangi 2021 fundust áður óþekktar minjar um býli RA-311:086 á vesturbakka Eystri-Rangár í landi Oddhóls (áður í óskiptu landi Odda). Útlit tóftanna gefur sterklega til kynna að minjarnar séu frá víkingaöld; þær eru flestar mjög signar og illgreinilegar auk þess sem tvær tóftanna hafa afgerandi bogadregna langveggi en það er einkennandi fyrir hús frá víkingaöld. Ekkert nafn er þekkt á þessum minjum og í raun voru engar heimildir eða önnur vitneskja til um þær eftir því sem næst verður komist. Á bæjarstæðinu voru skráðar fimm tóftir og er ein þeirra að líkindum af fjósi. Líklegt er talið að stærsta tóftin sé af bústað. Hún er hins vegar illa farin af götum sem liggja yfir hana en ekki er ljóst hvort það eru eingöngu fjárgötur eða hvort um ferðaleið er að ræða. Einnig er farið að brotna af austurenda tóftarinnar frammi á árbakkanum. Ætla má að aðrar tóftir séu af útihúsum.



Meint fjóstóft RA-311:086_05, horft til VNV. Hún er í afliðandi halla til suðausturs og við suðvesturlanghlið má óljóst greina heygarð.

2 1955, bls. 41.

Minjarnar eru í litlum hvammi niður við ána, rétt neðan við vaðið Bergvað og á mótis við eyðibýlið Bergvað sem var í eigu kirkjunnar í Odda á miðöldum. Staðsetning býlisins er áhugaverð en frá því hefur verið hægt um vik að fylgjast með umferð á svæðinu og hefur það ef til vill haft áhrif á staðarvalið. Túnstæði býlisins virðist hafa verið heldur þröngt ef það hefur aðeins verið í hvamminum en vel má vera að það hafi náð upp á flatlendið ofan við hann. Býlið var innan þess landsvæðis sem tilheyrði Odda og er ólíklegt að það hafi nokkurn tímann verið sjálfstæð jörð. Er fundur þess mikilvægur fyrir aukinn skilning á byggðaþróun innan Oddalanda og búrekstri staðarins í Odda á tímum Oddaverja. Frekari rannsókna er þörf á þessum minjum og þyrfti að lágmarki að kanna aldur þeirra út frá gjóskulögum með borkjarnarannsókn.

6. Heimildaskrá

Björk Ingimundardóttir. 2019. *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi*. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Herforingjaráðskort 48 NA. 1908. Generalstabens topografiske Afdeling, Kaupmannahöfn.

Herforingjaráðskort 48 NV. 1908. Generalstabens topografiske Afdeling, Kaupmannahöfn.

Loftmynd af Odda (LI207-LI2-1016): Loftmynd Landmælinga Íslands af Odda og nágrenni frá 1954. Leyfisnúmer (LI207-LI2-1016).

Loftmyndir frá Loftmyndum ehf. (www.map.is).

Munnmælasögur 17. aldar. 1955. Bjarni Einarsson bjó til prentunar. Hið íslenska fræðafélag, Reykjavík.

Pórður Tómasson. 1996. *Þórsmörk. Land og saga*. Mál og mynd, Reykjavík.

Ö-Móeiðarhvoll: Örnefnaskrá Móeiðarhvals. [Án árs]. Þorsteinn Sch. Thorarensen skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík


Ö-Selalækur, aths.: Örnefnaskrá Selalækjar, athugasemdir. [Án árs]. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

Viðauki I: Hnitaskrá ISN93

Samtala	Austur	Norður
RA-311:086_01	433607	363197
RA-311:086_02	433616	363234
RA-311:086_03	433636	363256
RA-311:086_04	433621	363197
RA-311:086_05	433613	363269
RA-651:006A	434584	362828
RA-651:006B	434928	362611
RA-651:006B	434007	363384
RA-661:046	434290	367442
RA-661:047	433587	363157
RA-661:048	433822	367220
RA-661:049	434061	367362
RA-661:049A	436037	368684
RA-661:049B	435977	368692
RA-661:050	432609	366609
RA-661:051	432198	365743
RA-661:052	430474	365491
RA-661:053	429807	365110
RA-661:054	436040	368899


Viðauki II: Minjakort

Kortin eru unnin ofan á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.



Minjakort 1





Minjakort 3



Fornleifarannsókn í Odda á Rangárvöllum sumarið 2021

Gjóskulög í Kamphól

Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur

Póstfang: magnus.a.sigurgeirsson@isor.is


INNANGANGUR

Farin var vettvangsferð að Odda þann 4. ágúst 2021. Að þessu sinni voru gjóskulög einkum skoðuð í tóft í svokölluðum Kamphól 3 km vestan Odda (mynd 1). Ennig var litið á gjóskulög við forskálann við Langekru sem að mestu hefur verið grafinn fram.

Í ljósi þess sem vitað er um dreifingu gjóskulaga á Suðurlandsundirlendinu má vænta þess að finna eftirtalin gjóskulög við Odda (frá og með Landnámslagi):

- H-1947 (<0,2 cm þykkt)
- K-1918 (<0,5 cm þykkt)
- K-1721 (<1 cm þykkt)
- H-1597 (óvíst hvort sjáist)
- H-1510 (gróft grábrúnt vikurlag í uppsveitum Suðurlands)
- K~1500 (um 4 cm þykkt, dreifðist til vesturs frá Kötlu)
- H-1341 (mjög þunnt, dreifðist einkum til suðurs)
- H-1206 (ólífugrátt, barst einkum til suðausturs)
- H-1158 (ljósleitt, mögulega til staðar í Odda)
- Eldgjárgjóska frá ~940 (<0,3 cm þykkt)
- Katla-R frá ~920, (um 1 cm þykkt, dreifðist til vesturs)
- Landnámslag frá 870-880 (tvílit, um 3 cm þykkt)

Ekki er gefið að öll þessi lög finnist og jafnframt er möguleiki að önnur lög finnist. Flest eru lögin frá Kötlu og Heklu sem vænta má. Lögin eru dökkleit, grá eða svört, nema H-1206 og H-1158 sem eru ljósgrá/ólífugrá og LNL sem er með ljósan neðri hluta. Lögin K~1500 og H-1510 mynda lagapar sem sjá má víðast hvar á Suðurlandsundirlendinu (Sigurður Þórarinsson 1968, Smith & Dugmore 2006, Dugmore & Newton 2012, Guðrún Larsen 1999; 2010; 2018, Magnús Á. Sigurgeirsson 2016, Sigl et al. 2015).



Mynd 1. Yfirborðslíkan af Kamphól. Rauður punktur sýnir staðsetningu könnunarskurðar innan í tóft (vegalengd á mynd frá vinstri til hægri er um 300 m).


NIÐURSTÖÐUR

Við rannsóknir sumarið 2018 kom í ljós að í sniðum við forskálann við Ekru er ólífugátt gjóskulag sem ekki var augljóst hvaða lag væri. Við frekari skoðun var komist að þeirri niðurstöðu að um lagið H-1206 gæti væri að ræða. Var þá miðað við útlitseinkenni þess og staðsetningu í sniðunum. Samkvæmt útbreiðslukorti ætti lagið hins vegar vart að finnast við Odda en það barst aðallega til SA. Til að ganga úr skugga um hvort þarna væri í raun um H-1206 að ræða var gjóskan efnagreind í örgreini Jarðvísindastofnunar í janúar 2020. Greiningarnar sýna að um ísúra-súra Heklugjósku er að ræða, þar sem styrkur kísilsýru (SiO_2) er 65-68%. Lagið er mjög þunnt og fremur erfitt að ná góðu sýni úr því, samt sem áður gefa greiningarnar mikilvægar upplýsingar. Samkvæmt samtali við Guðrúnu Larsen jarðfræðing, sem einna mest hefur rannsakað Heklugjósku, ætti styrkur kísils í H-1206 að vera á bilinu 61-65%. Önnur kísilrík gjósklög frá Heklu sem til greina gætu komið eru H-1104 og H-1158. Fyrri lagið má útiloka strax (SiO_2 70-73 %) en í H-1158 er SiO_2 um 66-68%. Dreifing H-1158 til suðurs þ.m.t. um Rangárvelli er ekki þekkt. Í ljósi þessa má telja einna líklegast að ljósleita lagið við Odda sé H-1158, fremur en H-1206. Sé gert ráð fyrir að svo sé kemur út að forskálinn og hellirinn þar inn af hafi farið úr notkun nokkru fyrr en áður var talið, líklegast snemma á 12. öld.

Rúst í Kamphól

Snið var mælt við suðurenda skurðarins sem grafinn hafði verið í tóftina í Kamphól, vesturprófil (mynd 2). Þar mátti sjá merki um torfvegg á um 90 cm dýpi. Í torfinu voru slitur af meintu K-920 lagi, forsögulegum Kötulögum og auk þess slitur úr ljósleitu þunnu mannvistarlagi. Undir torfinu er um 4 cm þykkt svart gólflög og þar fyrir neðan er raskað lag (mokstur?) um 14 cm þykkt. Um 6 cm yfir torfinu mátti sjá ljósleita rönd sem hægt var að fylgja nokkurn spól í sniðinu (sýni var tekið). Þó að sýnið úr laginu hafi ekki verið gott má fullyrða að þarna sé um ljósleita gjósku að ræða, vafalítið sama lag og

fannst við forskálann á Langekru. Gjóskulagið er því líklegast H-1158. Ljóst er að mannvirkið í Kamphól er frá því vel fyrir 1158 og miðað við að lagið K-920 sé í torfinu gæti það verið frá tímabilinu 950-1050.



Mynd 2. Jarðvegssnið frá Kamphól vestur af Odda.

HELSTU HEIMILDIR

Dugmore, A.J. og Newton, A.J. 2012. Isochrons and beyond: maximising the use of tephrochronology in geomorphology. *Jökull* 62: 39-52.

Guðrún Larsen 2010. Katla: Tephrochronology and eruption history. The Mýrdalsjökull ice cap, Iceland. Glacial processes, sediments and landforms on an active volcano (ritstj. A. Schomacker, J. Krüger and K. H. Kjær). *Developements in Quaternary Sciences*, 13.

Guðrún Larsen 2018. Eldgos á suðurhálandi á fyrstu öldum byggðar - áhrif í Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslum. *Náttúrufræðingurinn* 88 (1-2 hefti): 5-18.

Guðrún Larsen, Dugmore, A. and Newton, A. 1999. Geochemistry of historical-age silicic tephreas in Iceland. *Holocene* 9: 463-471.

Magnús Á. Sigurgeirsson 2016: Drumbabót 2015. Gjóskulagarannsókn. Viðauki í: Selstaða í Drumbabót – könnunarskurðir (ritstjóri: Ragnheiður Gló Gylfadóttir). Fornleifastofnun Íslands, skýrsla FS586-15381.

Sigl, M., Winstrup, M., McConnell, J.R., Welten, K.C., Plunkett, G., Ludlow, F., Büntgen, U., Caffee, M., Chellman, N., Dahl-Jensen, D., Fischer, H., Kipfstuhl, S., Kostick, C., Maselli, O.J., Mekhaldi, F., Mulvaney, R., Muscheler, R., Pasteris, D.R., Pilcher, J.R., Salzer, M., Schüpbach, S., Steffensen, J.P., Vinther, B.M. & Woodruff, T.E. 2015. Timing and climate forcing of volcanic eruptions for the past 2,500 years. *Nature* 523: 543-552.

Sigurður Þórarinnsson 1968. *Heklueldar*. Sögufélag, Reykjavík, 185 s.

Smith, K.T. og Dugmore, A. J. 2006. Jökulhlaups circa Landnám: Mid- to late first millenium AD floods in South Iceland and their implications for landscapes of settlement. *Geografiska Annaler: Series A, Physical Geography* 88 (2).

Viðauki III - Jarðlagaskrá

Eininga númer	Svæði	Tegund	Lýsing	Dagsetning	Skrásetjari
118	1	Hópnúmer	Torfhleðsla á sunnanverðu uppgraftarsvæði	26.07.2021	LP
119	1	Lag	Áfokslag sunnan við 118	26.07.2021	LP
120	1	Lag	Uppmokstur í torfhleðslu 118	26.07.2021	LP
121	1	Lag	Uppmokstur í torfhleðslu 118	26.07.2021	LP
125	1	Lag	Torfhrun í gangi 2100	26.07.2021	LP
148	1	Hópnúmer	Fyrir viðarleifar í byggingu	26.07.2021	LP
149	1	Lag	Hugsanlegt yfirborð með kolamolum og torfblettum	26.07.2021	LP
187	1	Lag	Fylling rennu	26.07.2021	KP/MDB
215	1	Hola	Pinnaholur	26.07.2021	KP/MDB
224	1	Niðurgröftur	Renna ofan (austan) við hellismunna	26.07.2021	KP/MDB
285	1	Hópnúmer	Pálför í rennu 224	26.07.2021	KP/MDB
286	1	Lag	Gróf flekkótt hrun/torf/uppmokstur	27.07.2021	LP
343	1	Lag	Torfhrun í vegg sunnan við gang	27.07.2021	KP
398	1	Lag	Torfhrun í gangi	27.07.2021	KP
434	1	Lag	Torfhrun, norðurbrún bálks sem hefur lekið fram yfir torfhrun í gangi	28.07.2021	LP
443	1	Lag	Viðbót við 434 (Austur)	28.07.2021	LP
450	1	Lag	Viðbót við 398 (Austur)	28.07.2021	LP
461	1	Lag	Þykkt sandlag undir 398	28.07.2021	LP
479	1	Lag	Þunnt gólfslag í torfhúsi	29.07.2021	LP
588	1	Snið	Snið við suður vegg	29.07.2021	MDB
594	1	lag	könnunarhola í leit að ruslalagi 2108		
602	1	Lag	Torfhrun með sandi	29.07.2021	KP
691	1	Lag	Torfhrun í inngangi torfhúss	30.07.2021	LP
716	1	Lag	Torfhrun í A-helmingi húss. Torfhrun austan við miðju torfhúss (mælt að gangi) en heldur áfram að helli.	30.07.2021	LP
868	1	Lag	Sendið lag með torfleifum við suður vegg.	03.08.2021	MDB
809	1	Lag	Basalt í torfhruni	03.08.2021	LP
813	1	Lag	Framhald af torfhruni inng?	03.08.2021	LP
834	1	Lag	Lagt torf við N-vegg	03.08.2021	MDB
864	1	Lag	Skurður/hola við torfbálg 834	03.08.2021	MDB
868	1	Lag	Lag í gólfu upp við suður vegg. Yfir gólfu	03.08.2021	MDB
895	1	Lag	Torfhrun/sáldur úr miðjum norður vegg. Yfir gólfu	03.08.2021	MDB
915	1	Lag	Torfhrun	03.08.2021	MDB
978	1	Lag	Sáldur úr bergi/veggjum með norðurhlið húss	04.08.2021	LP
998	1	Lag	Torf framan af bálki (liggur ofan á gólfu og líklega sama og 434)	04.08.2021	LP

Eininga númer	Svæði	Tegund	Lýsing	Dagsetning	Skrásetjari
1013	1	Lag	Sáldur, Blandað lag meðfram austurhluta suðurveggjar í húsi	04.08.2021	KP
1058	1	Lag	Grænleitt áfoks- og hrunlag	04.08.2021	MDB
1136	1	Lag	Stoðarhola/stoðarfar	04.08.2021	LP
1144	1	Lag	Stoðarhola	04.08.2021	LP
1153	1	Lag	Grjót (sandsteinn ofan á kolagólfi)	04.08.2021	LP
1323	1	Lag	Torfhrun	04.08.2021	LP
1360	1	Lag	Sáldur við miðjan N-vegg í gólfi	04.08.2021	MDB
1382	1	Lag	Viðbót við lag 1058	04.08.2021	KP
1409	1	Lag	Blandað lag neðst í torfvegg á N-hlið	05.08.2021	KP
1433	1	Lag	Viðbót við lag 1360, heyleifar og sáldur með vegg	05.08.2021	KP
1450	1	Lag	Stoðarhola við miðjan suður vegg	05.08.2021	MDB
1461	1	Lag	Far í stoðarholu eftir stoð	05.08.2021	MDB
1468	1	Lag	Framhald af gólfi til austurs	05.08.2021	LP
1531	1	Lag	Stoðarhola	05.08.2021	LP
1542	1	Lag	Pinnahola í gólfi - í suðausturhorni torfhúss	05.08.2021	KP
1555.px	1	Lag	Flekkótt, fer undir nyrðri vesturgافل	05.08.2021	LP
1568.px	1	Lag	Fer undir 1555 fremur einsleitt torfkennt, ljósbrúnt	05.08.2021	LP
1580.px	1	Lag	Fer undir 1568, fremur einsleitt sandlag/eða með gjósku	05.08.2021	LP
1600.px	1	Lag	Fer undir 1580, bleikt með lífrænum leifum, líkist heyi bleikt með lífrænum leifum, líkist heyi	05.08.2021	LP
1615.px	1	Lag	Fer undir 1600, fínflekkótt, sendið - dökkt. Fer hugsanlega einnig undir syðri vestur-gافل	05.08.2021	LP
1669.px	1	Lag	Svipað 1615 en minna dökkt og sendnara	05.08.2021	LP
1690.px	1	Lag	Fer undir 1669 og 1615, eru undir þessu þunna foklagi. Þetta er undir 1615	05.08.2021	LP
1709.px	1	Lag	Er undir 1690. Einsleitt, gulbrúnt sendið. Ekki ólíkt grænu áfokslöggunum (1058 td) - Hugsanlega skorið af stoðarholu	05.08.2021	LP
1740	1	Hola	Far eftir hugsanlega innréttingu, stoð	06.08.2021	LP
1748	1	Hola	Far eftir hugsanlega innréttingu, stoð	06.08.2021	LP
1758	1	Hola	Far eftir hugsanlega innréttingu, stoð	06.08.2021	LP
1762	1	Hola	Far eftir hugsanlega innréttingu, stoð	06.08.2021	LP
1786	1	Lag	Óskilgreint gólflag undir 1058 og sandi	06.08.2021	LP
1788	1	Hola	Stoðarhola í lagi 1058 við N-hleðslu í munna - ekki grafin	06.08.2021	KP
1805	1	Hola	Stoðarhola fyrir framan 1740-1758	06.08.2021	LP

Eininga númer	Svæði	Tegund	Lýsing	Dagsetning	Skrásetjari
1824	1	Hola	Stoðarhola í gólfi við miðjan suður vegg.	06.08.2021	MDB
1841	1	Hola	Skurður í fyllingu/stoðarholu 1824. prufuhola frá 2020	06.08.2021	MDB
1853	1	Lag	Fylling 2 í holu 1805	06.08.2021	LP
1862	1	Hola	Stoðarfar í fyllingu 1853	06.08.2021	LP
1878	1	Lag	Fylling í vesturhluta stoðarholu 1450. Brún-grátt, sendið.	06.08.2021	MDB
1902	1	Lag	Rauðbrún fylling við stoðarholu/ stoðarstein	06.08.2021	MDB
1926	1	Snið	Þverskurður af stoðarholu	06.08.2021	LP
1939	1	Lag	Torfhrun við N-vegg í torfhúsi	06.08.2021	KP
1982	1	Lag	Stoðarsteinn í torfhrunslagi í torfhúsi við norðurvegg. Er í heylagi 1360	06.08.2021	KP
1998	1	Hola	Dæld eftir stoð	06.08.2021	LP
2005	1	Lag	Stoðarsteinn	06.08.2021	LP
2021	1	Hola	Djúp stoðarhola	06.08.2021	LP
2032	1	Snið	Þverskurður af stoðarholu, V-A	06.08.2021	LP
2040	1	Hola	Hugsanleg smádæld eftir stoð	06.08.2021	LP
2050	1	Lag	Áfokslag, miðbrúnt	28.07.2021	MDB
2051	1	Lag	Áfokslag, með þunnum sandlögum	28.07.2021	MDB
2052	1	Lag	Áfokslag	28.07.2021	MDB
2053	1	Lag	Áfokslag, líkt 2051 en ívið meiri sandur	28.07.2021	MDB
2054	1	Lag	Áfokslag með vikri	28.07.2021	MDB
2055	1	Hópnúmer	Niðurgroftur	28.07.2021	MDB
2056	1	Lag	Fylling í 224	28.07.2021	MDB
2057	1	Lag	Fylling í 224, gráleit, með gjóskulagi K-920	28.07.2021	MDB
2058	1	Lag	Fylling í 224, gráleit með blettum af K-920	28.07.2021	MDB
2059	1	Lag	Fylling í 224	28.07.2021	MDB
2060	1	Lag	Fylling í 224, Gráleit	28.07.2021	MDB
2061	1	Hola	Líkleg pinnahola sem hefur fyllst af 187	28.07.2021	MDB
2062	1	Lag	Áfokslag, einsleitt, gráleitt	28.07.2021	MDB
2063	1	Lag	Áfokslag með gjóskuslitrum, K-920	28.07.2021	MDB
2064	1	Lag	Áfokslag með gjóskuslitrum	28.07.2021	MDB
2065	1	Lag	Landnámssyrpa in situ, grá,græn og gulhvít. Skorin til norðurs af rennu 224, röskuð að sunnan.	28.07.2021	MDB
2066	1	Lag	Óhreyfð forsöguleg áfokslög með gjóskum	28.07.2021	MDB
2067	4	Lag	yfirborðslag – grasrót	03.08.2021	KP
2068	4	Lag	Áfokslag, nokkuð sendið	03.08.2021	KP
2069	4	Lag	Sandlag	03.08.2021	KP
2070	4	Lag	Áfokslag, nokkuð sendið	03.08.2021	KP

Eininga númer	Svæði	Tegund	Lýsing	Dagsetning	Skrásetjari
2071	4	Lag	Gjóska H-1510 (vikur)	03.08.2021	KP
2072	4	Lag	Gjóska K-1500 (svört fínkornótt)	03.08.2021	KP
2073	4	Lag	Áfokslag	03.08.2021	KP
2074	4	Lag	Áfokslag, nokkuð sendið	03.08.2021	KP
2075	4	Lag	Áfokslag, mjög sendið	03.08.2021	KP
2076	4	Lag	Áfokslag, sendið	03.08.2021	KP
2077	4	Lag	Áfokslag, mjög sendið	03.08.2021	KP
2078	4	Lag	Áfokslag, sendið	03.08.2021	KP
2079	4	Lag	Áfokslag, sendið	03.08.2021	KP
2080	4	Lag	Áfokslag - nokkuð sendið	03.08.2021	KP
2081	4	Lag	Áfokslag - í því afgerandi linsa með grófum sandi eða vikri	03.08.2021	KP
2082	4	Lag	Torfhrun og áfok með viðarkolum	03.08.2021	KP
2083	4	Lag	Torfhrun	03.08.2021	KP
2084	4	Lag	Torfveggur í suðurenda könnunarskurðar	03.08.2021	KP
2085	4	Lag	Gólflag neðst í könnunarskurði	03.08.2021	KP
2086	4	Lag	Blandað lag með torflefum, líklega jöfnunarlag	03.08.2021	KP
2087	1	Lag	Sandlag á milli 1323 og 1058 í gangi 2100	06.08.2021	KP
2088	1	Lag	Sandlag á milli 1058 og 1786 í gangi 2100	06.08.2021	KP
2089	4	Lag	Gólflag í könnunarholu	03.08.2021	KP
2090	4	Lag	Áfokslag milli gólfa 2085 og 2089	03.08.2021	KP
2091	4	Lag	Gólf milli gólfs 2089 og jöfnunarlags 2086	03.08.2021	KP
2092	1	Hola	Könnunarhola S við 118	21.07.2021	LP
2093	1	Hola	Könnunarhola S við 118	21.07.2021	LP
2094	1	Hola	Könnunarhola S við 118	21.07.2021	LP
2095	1	Lag	Gjóskusyrpan LNL og K-920 í könnunarholum 2092, 2093, 2094.	21.07.2021	LP
2096	1	Lag	LNL og K-920 raskaðar í könnunarholum 2092 og 2093	21.07.2021	LP
2097	1	Lag	Áfok með slitrum af LNL og K-920	21.07.2021	LP
2098	1	Lag	Áfoksjarðvegur með sandlögum á milli.	21.07.2021	LP
2099	1	Lag	Áfoksjarðvegur með meiri sandi og þykkari en 2098	21.07.2021	LP
2100	1	Hópnúmer	Stuttur gangur við torfbálk framan við hellismunna.	21.07.2021	LP
2101	1	Lag	Stoðarsteinn í gólfi 1786, ógrafið	21.07.2021	LP
2102	1	Hópnúmer	Númer fyrir torfbálk í austanverðri torfbyggingu	21.07.2021	LP
2103	1	Lag	Stoðarsteinn	21.07.2021	LP
2104	1	Lag	Flekkótt uppmoksturslag, gráleitt, ógrafið 2021	21.07.2021	LP

Eininga númer	Svæði	Tegund	Lýsing	Dagsetning	Skrásetjari
2105	4	Lag	Torfveggur í norðurenda könnunarskurðar	03.08.2021	KÞ
2106	1	Lag	Viðbótarhleðsla. Viðgerð á s-langhlið, hluti af torfbálki 2102	11.04.2022	LP
2107	1	Lag	Sandsteinshleðslur við hellismunna. Ógrafnar 2021	11.04.2022	LP
2108	1	Lag	Torfhleðsla sunnan við vesturenda suðurveggjar	11.04.2022	KÞ
2109	1	Lag	Ruslslag sunnan við torfhús undir sandi - kom í ljós 2020 en ekki rannsakað þá og fundust engin skýr merki um það þegar vettvangsvinna hófst 2021	11.04.2022	KÞ
2110	1	Lag	Ruslslag norðan við torfhús undir sandi - kom í ljós 2020 en ekki rannsakað þá og fundust engin skýr merki um það þegar vettvangsvinna hófst 2021	11.04.2022	KÞ

Viðauki IV - Gripaskrá

Funda- númer	Svæði	Eininga númer	Tegund	Efni	Lýsing	Þyngd (g)	Upphafsstafir
2021-40-16	1	1058	Vikur	Vikur	Vikur. Vatnsorfinn? Slípiflötur?	2,27	KP
2021-40-17	1	1323	Viður	Viður	Unninn spýta, í sjö brotum og einn kvistur með berki. Brotið af öllum hliðum á spýttunni. Stærsta brot mælt.		LP
2021-40-18	1	479	Brot	Kopar- blanda?	Mögulega bronsgripur	0,09	MDB
2021-40-19	1	479	Tönn	Tönn	Stórgripatönn		MDB
2021-40-20	1	1786	Lykill	Járn	Melluláslykil úr járni. Skeggið er sporöskju- lagað með krosslaga gati og myndar vinkil við legginn. Breidd leggjar: 0,47 cm, hæð 0,42 cm. Leggurinn breikkar lítillega út að auganu sem er um 0,3 cm að innanmáli.	10,61	KP
2021-40-21	4	2071	Skeifa	Járn	Skeifubrot. Tvö göt eru sjáanleg, með ílangri gróp. Báðir endar brotinir. Engin merki um skafla.	24,18	MDB
2021-40-22	4	2083	Nagli	Járn	Sennilega nagli, í tveimur brotum. Haus eða ró og brot af fer- strendum legg. Breidd leggjar 0,71 cm, hæð 0,78 cm.	12,36	KP
2021-40-23	4	2082	Nagli	Járn	Nagli, í tveimur brotum. Breidd leggjar 0,65 cm, hæð 0,61 cm.	4,01	MDB
2021-40-24	4	2085	Tönn	Tönn	Stórgripatönn		KP

Funda- númer	Svæði	Eininga númer	Tegund	Efni	Lýsing	Þyngd (g)	Upphafsstafir
2021-40-25	4	2085	Snældus- núður	Kléberg	Snældusnúður, brotið af hlið. Hálfkúlulaga með flatan botn og fremur flatan topp. Mest þvermál við botn. Þvermál gats við topp 1,9 cm, þvermál gats við botn 1,5 cm. Gat miðjað. Veggjaþykkt 0,3-0,35. Áberandi för eftir verkfæri. Harður kjarni er í steininum sem reynt hefur verið að sverfa niður. Sennilega endurunnin grýta. Virðist vera pottahrím á botni.	24,64	KP
2021-40-26	1	1058	Unninn viður	Viður	Unninn spýta. Hluti af báðum langhliðum heilar. Önnur skammhlið skásöguð, hin brotin.		KP
2021-40-27	4	2085	Grýta	Kléberg	Sveigt grýtubrot, engin brún. Úr hringlaga grýtu, nokkuð stórri. Sótugt með pottahrím að utanverðu. Innri hlið er frekar slétt og sjá má fínlegar rispur, sennilega eftir þrif. Sjá má merki um tvö göt á brúnum þar sem reynt hefur verið að gera víð grýtuna eftir að hún brotnaði. Athyglisvert er að innra yfirborð virðist sprungið, ekki augljóslega eftir verkfæri.	100,87	KP
2021-40-28	4	2082	Vikur	Vikur	Vikur. Vatnsorfnir? Slípiflötur? A: lengd 2,65 cm; breidd 2,39 cm; hæð 2,04. B: lengd 2,46 cm; breidd 1,88 cm; hæð 1,37 cm. C: lengd 2,05 cm; breidd 1,43 cm; hæð 1,10 cm.	4,14	KP

Viðauki V - Ljósmyndaskrá

Rammi	Svæði	Eininga númer	Átta-horf	Lýsing	Dags.	Skrá-setjari
1	1		A	Við upphaf, hreinsun	20.07.2021	LP
2	1		A	Við upphaf, hreinsun	20.07.2021	LP
3	1		A	Við upphaf, hreinsun. Af torfhleðslu [118]	20.07.2021	LP
4	1		A	Við upphaf, hreinsun. Af torfhleðslu [118]	20.07.2021	LP
5	1		A	Við upphaf, hreinsun. Af torfhleðslu [118]	20.07.2021	LP
6	1	118	A	Snið (vélgert 2020) í [118]	21.07.2021	LP
7	1	2092	A	Snið í hrun/áfok/uppmokstur, S-við [118]	21.07.2021	LP
8	1	2092	A	Snið í hrun/áfok/uppmokstur, S-við [118]	21.07.2021	LP
9	1	2092	NA	Snið í hrun/áfok/uppmokstur, S-við [118]	21.07.2021	LP
10	1	2092	S	Könnunarhola við hlið torfveggjar 118, S-hlið	21.07.2021	LP
11	1	2092	S	Nærmynd af könnunarholu	21.07.2021	LP
12	1	2093	A	Könnunarhola við hlið torfveggjar 118, S-hlið	21.07.2021	LP
13	1	2093	S	Könnunarhola við hlið torfveggjar 118, S-hlið	21.07.2021	LP
14	1	2093	S	Könnunarhola við hlið torfveggjar 118, S-hlið	21.07.2021	LP
15	1	2094	S?	Könnunarhola við hlið torfveggjar 118, S-hlið	21.07.2021	LP
16	1	2094	S	Könnunarhola við hlið torfveggjar 118, S-hlið	21.07.2021	LP
17	1		N	N-snið viðhellismunna. Mörk klömbruhleðslu/strengs.	21.07.2021	LP
18	1		N	Skil á torfhleðslum	21.07.2021	LP
19	1		N	Skil á torfhleðslum	21.07.2021	LP
20	1		N	Sama og 17-19 en vestar	21.07.2021	LP
21	1		N	Sama og 17-19 en vestar	21.07.2021	LP
22	1		NA	Torfhrun við inngang í helli	21.07.2021	LP
23	1		N	Bakvið torfhleðslu við hellismunna, eftir hrun	21.07.2021	LP
24	1		N	Bakvið torfhleðslu við hellismunna, sandbergssteinn undir torfi	22.07.2021	LP
25	1		A	Eftir útmokstur hruns og áfoks	22.07.2021	LP
26	1		NA	Eftir útmokstur hruns og áfoks í gangi að munna	22.07.2021	LP
27	1		SV	Botn í gangi eftir útmokstur sands.	22.07.2021	LP
28	1		SV	Botn í gangi eftir útmokstur sands.	22.07.2021	LP
29	1		V	Botn í gangi eftir útmokstur sands.	22.07.2021	LP

Rammi	Svæði	Eininga númer	Áttahorf	Lýsing	Dags.	Skrásetjari
30	1		V	Botn í gangi eftir útmokstur sands.	22.07.2021	LP
31	1		S	Torfhleðsla og hrun/uppmokstur. Kemur í ljós undan áfokssandi í innra rými við hellismunna.	22.07.2021	LP
32	1		S	Torfhleðsla og hrun/uppmokstur. Kemur í ljós undan áfokssandi í innra rými við hellismunna.	22.07.2021	LP
33	1		A	Torfhrun við hellismunnan. Liggur ofan á áfokssandi sem var mokað út 21.07.2021	22.07.2021	LP
34	1		N	Torfhrun við hellismunnan. Liggur ofan á áfokssandi sem var mokað út 21.07.2021.	22.07.2021	LP
35	1		N	Torfhrun við hellismunnan. Liggur ofan á áfokssandi sem var mokað út 21.07.2021.	22.07.2021	LP
36	1		NV	Torfhrun við hellismunnan. Liggur ofan á áfokssandi sem var mokað út 21.07.2021.	22.07.2021	LP
37			ASA	Magnús Kristjánsson grefur burt torfvegg og annan jarðveg vegna öryggis á rannsóknarsvæði.	22.07.2021	KP
38	1	Snið	NA	Austursnið sem kom í ljós við vélamokstur ofan við helli. (renna [224] m.a.)	22.07.2021	LP
39	1			Austursnið sem kom í ljós við vélamokstur ofan við helli. (renna [224] m.a.)	22.07.2021	LP
40	1			Ljósmyndaruna tekin frá S-N	22.07.2021	LP
41	1			Ljósmyndaruna tekin frá S-N	22.07.2021	LP
42	1			Ljósmyndaruna tekin frá S-N	22.07.2021	LP
43	1			Ljósmyndaruna tekin frá S-N	22.07.2021	LP
44	1	187	N	Fylling rennu 224	22.07.2021	LP
45	1	187	N	Fylling rennu 224	22.07.2021	LP
46	1	215	N	Pinnahola s-við rennu 224	22.07.2021	LP
47	1		A	Austursnið, renna 224	22.07.2021	LP
48	1		SA	Austursnið, renna 224	22.07.2021	LP
49	1		A	Austursnið	22.07.2021	LP
50	1		A	Austursnið	22.07.2021	LP
51	1		A	Austursnið, renna 227	22.07.2021	LP
52	1		V	Vinumynd. KP, MK og MDB við hreinsun	22.07.2021	LP
53	1		A	Nærmynd af sniði á ljósmynd 38-51 með túlkun jarðlaga	22.07.2021	LP
54	1		A	Nærmynd af sniði á ljósmynd 38-51 með túlkun jarðlaga	22.07.2021	LP
55	1		A	Nærmynd af sniði á ljósmynd 38-51 með túlkun jarðlaga	22.07.2021	LP

Rammi	Svæði	Eininga númer	Átta- horf	Lýsing	Dags.	Skrá- setjari
56	1		A	Nærmynd af sniði á ljósmynd 38-51 með túlkun jarðlaga	22.07.2021	LP
57	1		A	Nærmynd af sniði á ljósmynd 38-51 með túlkun jarðlaga	22.07.2021	LP
58	1		A	Nærmynd af sniði á ljósmynd 38-51 með túlkun jarðlaga	22.07.2021	LP
59	1		A	Nærmynd af sniði á ljósmynd 38-51 með túlkun jarðlaga	22.07.2021	LP
60	1		A	Nærmynd af sniði á ljósmynd 38-51 með túlkun jarðlaga	22.07.2021	LP
61	1		A	Nærmynd af sniði á ljósmynd 38-51 með túlkun jarðlaga	22.07.2021	LP
62	1		SA	Austursnið, renna 224 og torfveggur 118	22.07.2021	LP
63	1		A	Renna 224 í uppgraftarmörkum frá árinu 2018 og fjær 2020	22.07.2021	LP
64	1		A	Renna 224 í uppgraftarmörkum frá árinu 2018 og fjær 2020	22.07.2021	LP
